

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II. Bólstaðarhlíð og Botnastaðir



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2009/97

Forsíðumynd: Horft til norðausturs heim að Bólstaðarhlíð. Íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 2, til vinstri og Bólstaðarhlíðarkirkja til hægri.



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Helstu minjaflokkar.....	5
Saga Bólstaðarhlíðar	9
Fornleifaskrá.....	16
Bólstaðarhlíð.....	16
Hlíðarsel/Fellssel	44
Óstaðsettar minjar í landi Bólstaðarhlíðar	47
Þjóðsögur í landi Bólstaðarhlíðar	50
Saga Botnastaða	51
Botnastaðir.....	53
Óstaðsettar minjar í landi Botnastaða.....	64
Samantekt og niðurstöður.....	65
Minjar í landi Bólstaðarhlíðar.....	65
Minjar í landi Botnastaða	67
Niðurlag.....	68
Heimildaskrá	69
Aðrar heimildir.....	71
Heimildamenn	71

Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa á 11 jörðum í Húnavatnshreppi vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru í sumar voru, auk Bólstaðarhlíðar og Botnastaða sem hér er fjallað um, jarðirnar Stóri-Dalur, Reykir, Auðkúla, Stóra-Giljá, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrta hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráning jarða við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir sem sjálfstæðar jarðir skráðar sem slíkar. Hvort tveggja Skyttudalur og Kálfárdalur sem nú tilheyra Bólstaðarhlíð annars vegar og Botnastöðum hins vegar eru sérstakar jarðir í jarðatali Johnsen og eru því skráðar sérstaklega í annarri skýrslu. Hlíðarsel á sér hins vegar skemmri sögu og er því skráð hér með Bólstaðarhlíð.

Heimildavinna vegna skráningarinnar Bólstaðarhlíðar og Botnastaða hófst á vordögum en vettvangsvinna fór fram í september. Verkstjórn og skýrsluskrif voru í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings. Um heimildavinnu sá Berglind Þorsteinsdóttir fornleifafræðingur auk Guðmundar, en vettvangsvinna var í höndum hans og Bryndísar Zoëga, landfræðings.

Við kunnum Kolbeini Erlendssyni á Bólstaðarhlíð bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[..] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhusa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [..].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er

mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn í Bólstaðarhlíð númerið 1 (auðkennt Bólstaðarhlíð – 1) og gamli bærinn á Botnastöðum sömuleiðis (auðkennt Botnastaði – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Bólstaðarhlíð – 1, 11096 og fyrir Botnastaði – 1 er 11338.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda og sama má segja um minjar innan þéttbýlis en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar eru á þeim tíma sem minjarnar eru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef Fornleifaverndar ríkisins, fornleifavernd.is

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Þar sem gefin er upp hærri skekkja í töflunni er um að ræða minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir staðsetningu þeirra, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða þar sem heimildamenn hafa getað sagt fyrir um staðsetningar. Grunnflötur og útlit minjanna er mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þar sem hnitaðar loftmyndir voru ekki til hjá sveitarfélaginu var stuðst við svarthvítar loftmyndir frá Landmælingum Íslands sem hnitaðar voru af starfsmönnum Fornleifadeildar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður yfirleitt er þó rétt að hafa mikinn fyrirvara á sér hvað slíkt varðar séu ekki um það beinar heimildir. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyru undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugar/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar.

Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dila.

Stekkir, sem eru smáréttir með einum dila eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakró yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fódra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum.

Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Tómthús/þurrabúðir: Voru smá býli eða hús við sjávarsíðuna sem voru í eigu útvegsbænda en þar bjuggu svokallaðir tómthúsmenn. Þessu fólki var gert að sjá sér sjálft farborða en sú kvöð var á ábúðinni að menn réru á báti húsbóndans. Tómthúsmenn höfðu sjaldnast jarðnæði né búpening. Hús þessi voru gjarnan einföld og fátækleg og tóftir þeirra hafa oft horfið við frekari þéttbýlismyndun.

Saga Bólstaðarhlíðar

Bólstaðarhlíð er við mynni Svartárdals, milli Hlíðarfjalls (Bólstaðarhlíðarfjalls) og Skeggjafjalls og rennur Hlíðará austan við bæinn og Svartá sunnan við. Hlíðará skilur land Bólstaðarhlíðar, Botnastaða og Húnavers að austan, en Svartá ræður merkjum mót Skeggjastöðum og Ártúni að sunnan. Að vestan á jörðin land að Æsustöðum, Mjóadal að norðvestan og Þverárdal að norðan. Þá tilheyrir jörðinni land Hlíðarsels eða Fellssel norðan Botnastaða (Kálfárdals) og nær það yfir nálega allt Þverfell. Þar skiptir Hlíðará merkjum Þverárdals og Bólstaðarhlíðar að vestan, Valbrandsdalsá merkum Bólstaðarhlíðar og Skagafjarðarjarðanna Auðna, Dælis og Skarðsár að norðan og norðaustan, en Vatnshlíð og Selhagi eiga land að jörðinni að austan og suðaustan. Flosaskarðslækur skiptir svo löndum móti Botnastöðum (Kálfárdal) að sunnan eins og fyrr segir.¹

Bólstaðarhlíð kemur ekki fyrir í Landnámu en Margeir Jónsson taldi þó útfrá nafninu að um landnámsjörð væri að ræða og taldi líklegt að Þorkell vignir Skíðason hefði numið þar land um 890-895.² Á fyrrihluta 20. aldar stóðu þrír fræðimenn í harðvítugri ritdeilu um staðsetningu hins forna Ævarsskarðs sem nefnt er í Landnámu og sagt bær Ævars gamla. Um þetta rituðu m.a. doktor Finnur Jónsson sem var á því að Ævarsskarð væri Vatnsskarð/Stóra-Vatnsskarð í Skagafirði.³ Hannes Þorsteinsson skjalavörður og Margeir Jónsson komust hins vegar að sömu niðurstöðu sitt í hvoru lagi um að Ævarsskarð væri þar sem nú heitir Litla-Vatnsskarð í Laxárdal.⁴ Áður hafði komið fram sú hugmynd að Ævarsskarð væri þar sem Bólstaðarhlíð er nú.⁵

Almennt samþykki hefur enn ekki náðst um staðsetningu skarðsins en bæði á Litla-Vatnsskarði og Bólstaðarhlíð hafa fornleifar verið nýttar til að renna styrkari stöðum undir kenninguna um að þar sé hið rétta Ævarsskarð að finna. Margeir Jónsson lýsti fornum tóftum í Litla-Vatnsskarði sem hann taldi kenningu sinni til stuðnings.⁶ Þessar tóftir voru síðar friðlýstar sem „Rústir Ævarsskarðs hins forna“.⁷ Um aldarfjórðungi síðar tók Páll Kolka upp þá gömlu hugmynd að Ævarsskarð væri í raun Bólstaðarhlíð, þrátt fyrir föst rök Margeirs og Hannesar þar í móti, og minnst Páll m.a. á fornleifar máli sínu til stuðnings:

„Hníga [...] að því öll rök, að skarðið milli Bólstaðarhlíðarfjalls og Skeggjastaðafjalls sé hið forna Ævarsskarð, og eru þar tóftir ýmsar neðan til, sem ástæða væri til að rannsaka. Ef til vill hefur Svartá runnið þá meira með syðra fjallinu, en síðar lagzt norður á við eða skriðuhlaup úr fjallinu, sem þarna sjást glögg merki um, orðið til þess að bær Ævars hefur verið fluttur þangað, sem nú heitir Bólstaðarhlíð, ef hann hefur ekki staðið þar alltaf, sem telja má líklegast. Tóftirnar neðar með ánni eru þá sennilega Hauksgrafir, sem talað er um í Landnámu [...]“⁸

¹Sbr. Landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar, Skyttudals og Hlíðarsels allar frá 1890 í uppskrift Klemens Guðmundssonar í Klemens Guðmundsson [án ártals], bls. 1-3, 25-26, og 51-52.

²Margeir Jónsson. (1926), bls. 35.

³Margeir Jónsson. (1926), bls. 35.

⁴Hannes Þorsteinsson. (1923), bls. 65; Margeir Jónsson. (1926), bls. 32-42.

⁵Sbr. Hannes Þorsteinsson. (1923), bls. 65; Margeir Jónsson. (1926), bls. 33, 40 og 41).

⁶Sbr. Margeir Jónsson. (1926), bls. 41 og 42.

⁷Friðlýsingaskrá (1990), bls. 43.

⁸Páll Kolka. (1950), bls. 110-111.

Í kringum 1970 er sú skoðun enn við lýði að Bólstaðarhlíð sé í Ævarsskarði hvort sem bærinn sé á sama stað eða ekki, eins og sést af skrifum Klemens Guðmundssonar bónda í Bólstaðarhlíð⁹ Í bókinni *Kirkjur Íslands* er fullyrt að Ævarsskarð sé eldra nafn á Bólstaðarhlíð en hafa verður fyrirvara á því eins og fram hefur komið.¹⁰

Bólstaðarhlíð kemur nokkrum sinnum fyrir í Sturlungu m.a. þar sem þess er getið að menn hafi fengið þar gistingu¹¹ Bólstaðarhlíð er og nefnd í Þórðar sögu hreðu.¹² Bólstaðarhlíðarkirkja kemur fyrst fyrir í máldaga frá 1318 og jörðin sjálf í kaupbréfi frá árinu 1388 og í nokkrum bréfum á 14. og 15. öld þar sem deilt er um eignarhald á henni og er nafn jarðarinnar þá ýmist rituð fullu nafni eða Hlíð.¹³ Síðar mun jörðin hafa komist í eigu Jóns biskups Arasonar sem seldi hana árið 1528 og var jörðin eftir það samfleytt í eigu sömu ættar fram til ársins 1825, sama ár fluttist Klemenzen Klemenzen son að Bólstaðarhlíð og hefur jörðin verið í ábúð og eigu niðja hans síðan.¹⁴

Í jarðatali frá 1686 er Bólstaðarhlíð sögð í einkaeign metin á 60 hundruð og kúgildi þá 15, en landskuld þrjú hundruð. Í afriti frá 1696 er jörðin enn metin á 60 hdr. en kúgildunum hefur verið fækkað niður í átta og landskuldin færð niður í tvö hundruð.¹⁵

Í jarðabók frá árinu 1708¹⁶ er Bólstaðarhlíð metin á 60 hundruð og sögð tíundast í fjórum tíundum. Landeigendur bjuggu sjálfir á jörðinni og landskuld var því óviss en sögð þrjú hundruð fyrir meira en þrjátíu árum. Leigukúgildi voru að sömu ástæðu ókunn en kúgildi kirkjunnar var 10 og rann helmingur til prests en helmingur til jarðeigenda eða „propriarii fyrir æfinlega ábyrgð kúgildanna.“¹⁷

Áhöfnin á Bólstaðarhlíð þegar ofangreind jarðabók var tekin saman samanstóð af átta kúm, tveimur kálfum, 90 ám, 16 sauðum tveggja vetra og eldri, 15 veturgömlum, 60 lömbum, 12 hestum, 6 hrossum, tveimur þriggjavetra folum, einum tveggja vetra og fjórum unghryssum.¹⁸ Samkvæmt mati átti jörðin að geta fóðrað sex kýr, eitt ungneyti, einn eldishest, 60 ær og 40 lömb en öðru yrði að voga á útigang.¹⁹

Samkvæmt jarðabókinni var torfrista og stunga ekki nýtandi í landi Bólstaðarhlíðar en torf var sótt í Botnastaðaland sem þó var bæði grýtt og sendið. Hrísrif var til eldiviðar en því hafði verið gjöreytt þegar þarna er komið. Laxveiðivon í Svartá sem áður var góð er sögð hafa brugðist í mörg ár. Bólstaðarhlíðará er sögð granda túninu og bera grjót og sand á völlinn í leysingum. Engjar voru engar „nema hvað hent verður úr fjallshlíðum og hvammabrekkum,

⁹ Klemens Guðmundsson, bls. 9-10.

¹⁰ *Kirkjur Íslands* 8, 2.bindi, bls. 107.

¹¹ *Sturlunga III*, bls. 316, 320 og 323.

¹² *Ísl. sögur 6.bindi.*, bls. 393-467.

¹³ *Ísl. fornbréfasaf II*, bls. 472; *III*, bls. 157, 542, 544-5; og *IV*, bls. 382, 511; *VII*, bls 705; *X*, bls. 593; *XII*, bls. 48 og *XIV*, bls. 5.

¹⁴ Páll Kolka. (1950), bls. 111-113.

¹⁵ Björn Lárusson. (1967), bls. 238.

¹⁶ Jarðabókin kom út í mörgum bindum fyrir landið í heild árið 1713, en gengið var frá úttektinni á Bólstaðarhlíðarhreppi árið 1708.

¹⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín* (1926), bls. 389-390.

¹⁸ Sama heimild, bls. 390.

¹⁹ Sama heimild, bls. 390.

sem þó spillist af grjóti og leir árlega.“²⁰ Úthagar eru sagðir mjög uppblásnir og allvíða komnir í holt og sanda. Ofan á þetta bætist að kvikfé er sögð stafa hætta af „snjóflóðum og uppgöngusvellum í snarbröttum fjallshlíðum, og verður oft mein að.“²¹ Þá segir að vatnsból sé erfitt í Bólstaðarhlíðará um vetur vegna svella. Hinsvegar er sortulyng sagt bjarglegt fyrir heimilið og auk torfskurðar í Botnastaðalandi átti jörðin skógarhögg til kolagerðar fyrir tvo menn í mánuð í Blöndugili en það var nú að mestu eytt og hafði verið lítið notað í nokkur ár. Þá höfðu bændur í Bólstaðarhlíð um langar aldur brúkað beit um vetur fyrir hross fyrir vestan Blöndu í Tunguneslandi átölulaust, auk þess sem jörðin átt rétt til upprekstrar á afrétt.²²

Að lokum er því bætt við að girðingar sjáist í landi Bólstaðarhlíðar þar sem nú sé stekkur frá jörðinni „so sem mönnum þykir ei ólíkt að þar hafi einhvörntíma túngarður verið, en enginn veit að þar hafi byggð verið að fornu eður nýju.“²³

Í landamerkjabréfi frá 1835 kemur samkvæmt Klemens Guðmundssyni fram að Bólstaðarhlíð hafi átt alla veiði í svonefndum Skriðuhyl beggjavegna árinna. Ekki er ljóst nákvæmlega hvar þessi hylur hefur verið en Klemens taldi líklegt að hann væri í Svartá og næði frá svonefndum Einbúa, neðan við Miðstekki, og næði út að ármótum Svartár og Blöndu.²⁴

Í sama bréfi er samkvæmt Klemens Bólstaðarhlíð „[...] heimil hrossabeit frá veturnóttum til sumar, öllum hrossum bónda og heimamanna í Tungunesjörð þeirri sem hann vill að hafi [...]“²⁵

Í sóknalýsingu frá árinu 1842 segir m.a. „Bólstaðarhlíð, 50 hndr. að dýrleika. Bær þessi stendur á forkunnar fagurri sléttri grund suðvestan undir Bólstaðarhlíðarfjalli heyskapur ekki mikill en örðugur, landkostir alllitlir.“²⁶ Um bæinn segir: „[...] reisulegur bær, forkunnarvel og sterklega byggður.“²⁷

Bólstaðarhlíð hefur lengi verið í alfaraleið eins og fram kemur í Sturlungu. Í sýslu og sóknalýsingu frá 1842 segir:

„Þjóðvegur liggur frá Norðurlandinu til Suður- og Vesturlandsins yfir Vatnskarð og ofan að Gili í Svartárdal og yfir um Svartá fyrir norðan Bólstaðarhlíð, milli Skeggjastaða og Bólstaðarhlíðarfjalla [...] Þjóðvegur liggur og úr Svartárdal vestanhallt í Bólstaðarhlíðarfjalli og út með Blöndu um Langadal. Þann veg fara þeir menn, sem sækja kaupstefnu á Skagaströnd og trjávið á Skaga.“²⁸

²⁰ Sama heimild, bls. 390.

²¹ Sama heimild, bls. 390.

²² Sama heimild, bls. 390.

²³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (1926), bls. 390-391.

²⁴ Klemens Guðmundsson, bls. 55-56.

²⁵ Sama heimild, bls. 55.

²⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 116.

²⁷ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 119.

²⁸ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 118.

Í jarðatali frá árinu 1847 er Bólstaðarhlíð í bændaeign metin á 60 hundruð, landskuld er 1 hundrað og 60 álnir en kúgildi 4. Neðanmáls kemur fram að árið 1802 hafi kirkjukúgildin verið talin 11 en jörðin aðeins metin á 40 hdr. og að hreppstjóri hafi haldið sig við það mat árið 1847 en sýslumaður talið jörðina 50hdr. að dýrleika.²⁹

Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 er Bólstaðarhlíð ásamt hjáleigunni Þverfelli sögð metin á 50 hundruð að fornu mati en 38 að nýju.³⁰

Bólstaðarhlíðarkirkju er fyrst getið í máldaga frá árinu 1318 og aftur árið 1394.³¹ Samkvæmt máldaganum 1318 átti að gjalda prest 4 merkur í leigu og átti kirkjan alla Botnastaði og tók heytoll af 11 bæjum en ljóstoll af 12.³² Kirkjan var helguð Mikael erkiengli í kaþólskum sið.³³

Árið 1825 keypti Klemenzen Klemenzen Bólstaðarhlíð og byggði þar torfkirkju árið 1831 þá síðustu á undan núverandi kirkju um 60m suðaustan við hina. Kirkjan tók um 120 manns í sæti og var sögð öll máluð að innan.³⁴

Í bókinni *Kirkjur Íslands* er eftirfarandi lýsing á torfkirkjunni:

„Kirkjan var átta stafgólf, 15 álnir að lengd og $6\frac{1}{4}$ á breidd innan þilja og stafnhæðin var $6\frac{3}{4}$ alin. Stafnar voru klæddir listuðu þili. Á hvorum þeirra voru tveir gluggar með sex rúðum og einn með fjórum rúðum í súðinni uppi yfir predikunarstól. Í kirkjunni var fjalagólf og veggir voru klæddir innan plægðu þili. Í framkirkju voru átta bekkir hvorum megin gangs og afþiljaðar stúkur innst. Í kórþili voru útskornir pílárar upp undir kórbita. Bekkir voru umhverfis í kór með bríkum við altari og kórstafi.“³⁵

Í sóknalýsingu frá árinu 1842 er kirkjan sögð „[...] ein sú fegursta og snotrasta í sýslu þessari [...]“³⁶ og í *Föðurtúni* segir Páll Kolka að kirkjan hafi verið myndarleg og vönduð og haft væri eftir gömlum mönnum að hún hefði tekið Víðimýrarkirkju í Skagafirði mjög fram að öllum innri búnaði.³⁷ Torfkirkjan var farin að farnast töluvert árið 1884 og vottaði fyrir fúa.³⁸

Timburkirkjan sem enn stendur var byggð árið 1888 og var gamli kirkjugarðurinn og torfkirkjan látin óhreyfð en nýju kirkjunni valinn staður í túninu um 60m sunnar og austar. Yfirsniður var Þorsteinn Sigurðsson á Sauðárkróki. Kirkjan er úr timbri og stendur í dag á steiptum sökkli, 7,62m að lengd og 6,37m á breidd, með undir lægra þaki að austan, 3,09m að lengd og 3,31m á breidd, og turn á stöpli að vestan, 2,22 m að lengd og 2,30m á breidd.³⁹

²⁹ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 240.

³⁰ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, bls. 92.

³¹ Ísl. fornbréfasafn II, bls. 111; Ísl. fornbréfasafn III, bls. 545.

³² Ísl. fornbréfasafn II, bls. 111.

³³ *Kirkjur Íslands* 8, 2. bindi, bls. 107.

³⁴ *Kirkjur Íslands* 8, 2. bindi, bls. 107-109.

³⁵ Sama heimild, bls. 109.

³⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 119.

³⁷ Páll Kolka. (1950), bls. 114.

³⁸ *Kirkjur Íslands* 8, 2. bindi, bls. 109.

³⁹ Sama heimild, bls. 115.

Í áðurnefndri sóknarlýsingu frá árinu 1842 kemur fram að kirkjan hafi átt Botnastaði og 10 hdr. úr jörðinni Mánavík á Skaga.⁴⁰ Þetta var 1/3 partur jarðarinnar og inni því tún og tvær vikur með ágætis rekavon.⁴¹

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar frá árinu 1890 segir: „Engin ítök hafa aðrar jarðir í landi Bólstaðarhlíðar, en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður að Svartá“⁴²

Guðmundur Klemenzson bóndi í Bólstaðarhlíð réðst í mikla jarðrækt um og fyrir aldamótin 1900 og stækkaði túnið á Bólstaðarhlíð um meira en helming og varð það annað stærsta á öllu norðurlandi á eftir Hólum í Hjaltadal. Fyrir þetta auk annarra úrbóta á jörðinni hlaut hann verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns IX konungs 140 krónur og árið 1906 hlaut hann 100 króna verðlaun úr Ræktunarsjóði Íslands.⁴³ Þegar Guðmundur tók við búi 1883 gaf túnið um 240 hesta af heyi og voru þá um 100-150 fjár á jörðinni, þegar hann var með stærst bú um aldamótin 1900 hafði hann 500 fjár, 6-8 kýr og um 50 hross og undir lok búskaparára hans var túnið orðið 22 ha og gaf af sér nálægt 900 hesta.⁴⁴ Guðmundur hætti búskap árið 1916.⁴⁵ Vatnsleiðsla var leidd í bæ og fjós árið 1912, fyrsta sinnar tegundar í sveitinni, 300 faðma löng, í 2 álna djúpum skurði. Áður var kúnum brynnt í Hlíðará tvisvar á dag. Guðmundur hlóð svo garða umhverfis nýja túnið á þrjá vegu og girti með gaddavír árið 1915 og gróf skurði frá giljunum ofan við túnin til að verja þau skriðuföllum.⁴⁶

Í hreppa og bæjalýsingu frá í *Húnaþingi II* segir um Bólstaðarhlíð:

„Kirkjustaður og löngum stórbýli í Ævarsskarði hinu forna. Bærinn er byggður á sléttri grund norðan við kirkjuna með útsýn vestur skarðið allt til Svínadalsfjalls. Hlíðarfjall rís upp frá túninu með stílhreinum hnjúkum. Túnið er ræktað af valllendisgrundum og er harðlent. Í Hlíðarfjalli grær snemma ef vel vorar og landrými er til fjalls. Bólstaðarhlíðareigninni tilheyra gömul eyðibýli á Laxárdal og Skörðum. [...]“⁴⁷

Bólstaðarhlíð II:

„Nýbýli stofnað 1954. Bærinn er við gamla þjóðveginn, nokkru ofar en Bólstaðarhlíð I. Ábúandi jarðarinnar og eigandi að hálfu, fær lánaðar nytjar af hinum Bólstaðarhlíðarbýlunum, þar sem ekki er áhöfn. Bak Hlíðarfjalls er eyðibýlið Skyttudalur á Laxárdal, að landverði 25 þús. og fylgir það Bólstaðarhlíðareigninni. Einnig svokallaður Hlíðarpartur í Svartárdal, milli Botnastaða og Gils. Þar er nokkurt tún.“⁴⁸

⁴⁰ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 119.

⁴¹ Klemens Guðmundsson, bls. 54.

⁴² Klemens Guðmundsson, bls. 2-3.

⁴³ Klemens Guðmundsson, bls. 83-84.

⁴⁴ Klemens Guðmundsson, bls. 86-87.

⁴⁵ Klemens Guðmundsson, bls. 89.

⁴⁶ Klemens Guðmundsson, bls. 13-14.

⁴⁷ Pétur Sigurðsson. (1978), bls. 179.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 180.

Bólstaðarhlíð III:

„Skipt út úr Bólstaðarhlíðareigninni, jafnt að dýrleika og Bólstaðarhlíð I. Landi utan túns óskipt. Þar hefur ekki verið búið frá 1967, en nýttar lánaðar. Helmingur partsins fylgir Bólstaðarhlíð III.“⁴⁹

Skyttudalur

Jörðin Skyttudalur er fyrir mynni samnefnds dals framarlega í Laxárdal milli Gautsdals og Þverárdals. Jarðarinnar er getið í jarðatali frá 1686⁵⁰ og í jarðabók frá árinu 1708 er nafn jarðarinnar skrifað *Skyttadalur* en almennt nefnt *Skipadalur*. Jörðin hafði þá verið lögbýlisjörð um langan aldur „en sumra manna meinung er, að þessi bær hafi verið í fyrstunni bygður í Bólstaðarhlíðar heimalandi, því að engin viss landamerki eru milli jarðanna.“⁵¹ Síðast var búið í Skyttudal árið 1929 en eftir það voru tún og hús þar nýtt frá Bólstaðarhlíð og höfð þar beitarhús.⁵²

Kálfárdalur

Í jarðabók frá árinu 1708 er nafn jarðarinnar skrifað *Kálfadalur* og sagt hafa verið byggt upp á selstæði frá Bólstaðarhlíð fyrir manna minni „og hefur hvorki fyrir nje síðar verið haldin fyrirsvars- eður lögbýlisjörð, heldur talin með heimastaðnum.“⁵³ Kálfárdalur fór í eyði árið 1935.⁵⁴ Þessi jörð tilheyrir nú Botnastöðum.

Bæði Skyttudalur og Kálfárdalur voru sjálfstæðar jarðir um tíma og skráðar sem slíkar í jarðatali Johnsen frá 1847 og um þær er fjallað sérstaklega í óútkominni skýrslu.

Hlíðarsel/Þverfell

Í „Þætti um eyðibýli í Húnaþingi“ segir Hjördísar Gísladóttir: „Nokkru austar [en Kálfárdalur] var önnur selstaða frá Bólstaðarhlíð, sem einnig varð að býli, og var það *Hlíðarsel* eða *Þverfell*, vestarlega í Flosaskarði.“⁵⁵

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjabréfi Selhaga frá 1890 segir: „Milli Hlíðarsels og Kálfárdals ræður Flosaskarðslækur gegnt vestara Moldgili – Milli Hlíðarsels og Selhaga ræður vestara moldgil á brún upp á Þverfell þaðan bein lína í Hrossagilslæk þar hann fellur í Króksskarðslæk. Svo ræður síðastnefndur lækur eða lág Króksskarð til Valbrandsdalslækjar. Milli Hlíðarsels og Sólheima ræður Syðri Valbrandsdalslækur til upptaka. Ræður síðan bein lína til upptaka á Ytri Valbrandsdalslæk og ræður svo

⁴⁹ Sama heimild, bls. 181.

⁵⁰ Björn Lárusson. (1967), bls. 238.

⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 388-389.

⁵² Hjördís Gísladóttir. (1989), bls. 298.

⁵³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 382.

⁵⁴ Hjördís Gísladóttir, (1989), bls. 299.

⁵⁵ Hjördís Gísladóttir, (1989), bls. 299.

síðastnefndur þar til hann fellur í Hrossagilslæk. Ræður hann svo eftir Hrossagili til Hlíðarár. Á milli Hlíðarsels og Þverárdals ræður Hlíðará.“⁵⁶

Um Hlíðarsel segir Klemens: „Hlíðarsel eða Þverfell hefir tilheyrt Bólstaðarhlíð fram á þennan dag. Tún var þar lítið en engjar góðar til heyskapar í Flosaskarði – en þó sérstaklega á Valbrandsdal.“⁵⁷

Á Hlíðarseli var búið mestan hluta 19. aldar.⁵⁸


⁵⁶ Klemens Guðmundsson, bls. 51.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 53.

⁵⁸ Hjördís Gísladóttir, (1989), bls. 299.

Fornleifaskrá

Bólstaðarhlíð



Mynd 1, kort af túninu og byggingum í Bólstaðarhlíð, mælt upp á fyrri hluta 20. aldar. Númerin á myndinni standa fyrir raðnúmer minja í skýrslunni (Bólstaðarhlíð – 1 o.s.frv.). Attahorf hafa verið leiðrétt og er upp á kortinu í raun norðvestur eða því sem næst.

Bólstaðarhlíð -1

Sérheiti: Bólstaðarhlíð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýndar uppmælingar túnsins á Bólstaðarhlíð og bygginga innan þess. Þar á meðal er íbúðarhúsið á þeim tíma, timburhús sem reist var árið 1892. Um 45m norður af kirkjunni og um 55m austur af íbúðarhúsinu á Bólstaðarhlíð 2 eru hleðsluleifar undir grassverði sem virðast passa við staðsetningu þessa hús miðað við túnakortið og ljósmyndir

Lýsing

Um er að ræða ferhyrnda lága hleðslu, um 10-20sm háa og 80sm breiða. Hleðslan er grasi gróin, en þó sést í grjóti á stöku stað. (Kort af uppmældum minjum í heimatúni Bólstaðarhlíðar er að finna aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um að ræða grunn íbúðarhússins sem Guðmundur Klemenzson reisti árið 1892, fremur en leifar hlóðaeldhússins sem stóð norðan (NA) við það. Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Íveruhús úr timbri byggði hann árið 1892 – yfirsmiður var Einar á Síðu – sunnan við gamla torfbæinn, er Klemens afi minn byggði – Ég fæddist í gamla bænum á sama ári sem nýja húsið var byggt [...]“ (KG: 12). Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni stóðu leifar gamla torfbæjarins fram um 1960. Í bænum var hlóðaeldhús og áföst bænum var smiðja og líklega hesthús (munnl. heimild 8.9.2009).



Mynd 2, horft til suðvesturs yfir óljósar hleðslur, hugsanlega grunn íbúðarhússins frá 1892.

Bólstaðarhlíð -2

Sérheiti: Bólstaðarhlíð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli torfbærinn á Bólstaðarhlíð stóð norðan við íbúðarhúsið frá 1892.

Lýsing


Engin merki þessa torfbæjar sáust á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Norðaustan við Íveruhúsið frá 1892 stóð hlóðaeldhús frá gamlabænum fram til ársins 1960 er það var rífið. Samkvæmt teikningu Bruno Schweizer var eldhúsið um 6x4m að innanmáli, norður-suður og breiðar dyr til vesturs. Stórar steinhlóðir voru í miðju húsinu og á myndum sést að hár strompur hefur risið uppúr þakinu miðju og húsið hefur verið tengt við íbúðarhúsið með stuttum yfirbyggðum gangi (sjá mynd 3 hér að neðan).



Mynd 3, Bólstaðarhlíð um miðjan fjórða áratug 20. aldar. Lengst til vinstri er steinsteypt hlaða sem enn stendur og fjárhús. Þar vestan við eru leifar útihúsa (nr. 10) sem voru áföst gamla torfbænum (nr. 2). Lengst til vinstri er hlóðaeldhúsið frá gamla bænum sem tengt var með viðbyggingu við íbúðarhús úr timbri sem reist var árið 1892 (nr. 1) og timburhúsið hægra megin við það er Þinghúsið (byggt á árunum 1924-28) hálf í hvarfi bak við hluta gamla torfbæjarins, líklega skemmuna (nr. 7). (Mynd: Bruno Schweizer, brót úr mynd BS 579. Tímátákn ehf.).



Mynd 4, hlóðaeldhúsið í Bólstaðarhlíð á fjórða áratug 20. aldar. Teikning Bruno Schweizer. (Mynd úr bókinni *Úr torfæjum inn í tækniöld III*, bls. 206).

Bólstaðarhlíð - 3

Sérheiti: Bólstaðarhlíðarkirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Timburhús

Staðhættir

Kirkjan og kirkjugarðurinn eru í túninu suður af gamla bæjarstæðinu í Bólstaðarhlíð um 60m suðaustur af Bólstaðarhlíð 2 og 100m suðvestur af Bólstaðarhlíð 1.

Lýsing

Kirkjan er úr timbri og stendur í dag á steiptum sökkli, 7,62m að lengd og 6,37m á breidd, með undir lægra þaki að austan, 3,09m að lengd og 3,31m á breidd, og turn á stöpli að vestan, 2,22 m að lengd og 2,30m á breidd (KI 8: 115).

Aðrar upplýsingar

Timburkirkjan sem enn stendur var byggð árið 1888, yfirsmiður var Þorsteinn Sigurðsson á Sauðárkróki (KI 8: 115).

Bólstaðarhlíð - 4

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Staðhættir

Ný kirkja var byggð sunnar og austar en eldri kirkja árið 1888 og gerður nýr kirkjugarður umhverfis hana.

Lýsing

Kirkjugarðurinn er um 37m langur og 20m breiður og snýr nálega austur-vestur (VSV-ANA) og kirkjan er austast í garðinum

Bólstaðarhlíð - 5

Sérheiti: Bólstaðarhlíðarkirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Eldri torfkirkja stóð innan gamla kirkjugarðsins sem var austan við íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 2.

Lýsing

Engar leifar þessarar kirkju fundust á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Árið 1825 keypti Klemenz Klemenzson Bólstaðarhlíð og byggði þar torfkirkju árið 1831 þá síðustu á undan núverandi kirkju um 60m suðaustan við hina. Kirkjan tók um 120 manns í sæti (KÍ 8: 107-109).

Bólstaðarhlíð - 6

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli kirkjugarðurinn er austur af íbúðarhúsinu á Bólstaðarhlíð 2.

Lýsing

Útbrúnir kirkjugarðsins eru ekki að fullu kunnar. Minningarmörkin sem safnað hefur verið saman á einum stað suðaustan við íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 2 eru þó innan garðs. Búið er að slétta yfirborðið en að suðvestan og suðaustan er 40-60sm hár bakki að líkindum útbrún garðsins til þeirra átta, óvíst er hins vegar hve langt garðurinn hefur náð til norðurs og austurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Í vestur frá bænum, vestan við gamlakirkjugarðinn heitir kirkjuvöllur.“ (ÖBH: 1).

Bólstaðarhlíð - 7

Hlutverk: Óþekkt/Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd tvenn útihús norðan við bæ á Bólstaðarhlíð.

Lýsing

Leifar skemmunnar sjást ekki lengur.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Norðan við gamla bæjarstæðið og skemmu og smiðju sem þar var heitir Skemmuvöllur“ (KG: 11).



Mynd 5, Bólstaðarhlíð um miðja 20. öld, horft til austurs heim að bænum. Kirkjan frá 1888 lengst til hægri, þá íbúðarhús frá árinu 1892 (nr. 1), vinstra megin við það í bakgrunni er steipt útihús og Þinghúsið (nr. 9), reisulegt hús vinstra megin við það. Nær á myndinni vinstra megin við þinghúsið er niðurnítt torfhús, líklega skemma (nr. 7) sem tilheyrði gamla torfbænum. (Mynd: Páll Jónsson. Brot úr mynd. Tímatákn ehf.).

Bólstaðarhlíð - 8

Sérheiti: Smiðjuhóll

Hlutverk: Óþekkt/Smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd tvenn útihús norðan við bæ á Bólstaðarhlíð.

Lýsing

Smiðjan var rifin þegar Þinghúsið var byggt á sama stað á árunum 1924 til 1928.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Norðan við gamla bæjarstæðið og skemmu og smiðju sem þar var heitir Skemmuvöllur“ (KG: 11). Á spássíunni er bætt við „Smiðjuhóll er þar sem olíutankurinn stendur“ (GK: 11).

Bólstaðarhlíð - 9

Sérheiti: Ullareyri

Hlutverk: Þurrkunarstaður

Tegund: Heimild/Náttúruminjar

Staðhættir

Ullareyri var eyrin kölluð suður við Hlíðará, sunnan eða suðaustan við íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 1, samkvæmt Kolbeini Erlendssyni (munnl. heimild 17.12.2009).

Lýsing

Suðurendinn á túngarðinum (nr. 35) er á Ullareyri, ármegin við garðinn er að mestu gróðurlaus eyri en hún er uppgróinn hinu megin garðsins.

Aðrar upplýsingar

Ullin var breidd á Ullareyri (Kolbeinn Erlendsson, munnl. heimild 8.9.2009).

Bólstaðarhlíð - 10

Hlutverk: Óþekkt/Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd „peningshús“ norðvestan við íbúðarhúsið, fast ofan við kálgarð sem hefur verið norðvestan við húsið. Þetta hús sést á nokkrum myndum frá Bruno Schweizer frá miðjum fjórða áratug 20. aldar og hefur staðið bak við gamla þinghúsið, sunnan og suðvestan við steipt fjárhús sem hafa staðið suðvestan við steipta hlöðu sem enn stendur, milli Bólstaðarhlíðar 1 og 2.

Lýsing

Húsið er nú horfið.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann.“ (KG: 13). Guðmundur var bóndi í Bólstaðarhlíð frá 1883-1916.

Bólstaðarhlíð - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd „peningshús“ um 30-40m austur (NA) af íbúðarhúsinu. Húsin sjást á nokkrum ljósmyndum frá miðjum fjórða áratug 20. aldar og hafa staðið við suðausturenda steyptrar hlöðu sem enn stendur milli Bólstaðarhlíðar 1 og 2.

Lýsing

Ekkert sér nú eftir af þessu húsi.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann. Veggir voru úr torfi og grjóti“ (KG: 13). Guðmundur var bóndi í Bólstaðarhlíð frá 1883-1916.



Mynd 6, Bólstaðarhlíð um miðjan fjórða áratug 20. aldar. Horft til suðvesturs. Á myndinni sjást lengst til vinstri leifar torfhúsa (nr.11) við hliðina á steyptri hlöðu. Á milli hlöðunnar og íbúðarhússins frá 1892 er hlóðaeldhúsið frá gamla torfbænum (nr. 1) og lengra til hægri á myndinni sjást leifar annarra útihúsa sem voru sambyggð torfbænum, fyrst hugsanleg hesthús (nr.10) og þá líklega skemmu (nr.7). Handan þeirra er Þinghúsið (nr.9) og fjær á túninu er fjárhús. Nær eru svonefnd „Samstæðuhús“ (nr. 14) og fjær eru „Syðri og neðri hús“ (nr. 15). (Ljósm.: Bruno Schweizer, brot af mynd BS 425. Tímatákn ehf.).

Bólstaðarhlíð - 12

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur matjurtagarður fast norðan (NV) við íbúðarhúsið frá 1892.

Lýsing

Engin merki þessa matjurtagarðs eru sjáanleg á yfirborði.

Bólstaðarhlíð - 13

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýndur matjurtagarður fast sunnan (SA) við íbúðarhúsið frá 1892.

Lýsing

Engin merki þessa matjurtagarðs eru sjáanleg á yfirborði.



Mynd 7, horft af Bólstaðarhlíðarfjalli til suðausturs niður á heimatúnið. (Ljósm. Bruno Schweizer, BS 501 Bólstaðarhlíð. Tímatákn ehf.).

Bólstaðarhlíð - 14

Sérheiti: Samstæðuhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjögur útihús í suðvesturhluta túnsins sem mynda ferhyrning og passar vel við húsa rústir sem sjást á þessum slóðum. Umrædd tóft er í túninu tæpa 140m suðvestur af núverandi kirkju.

Lýsing

Tóftirnar standa á svolitilli upphækkun um 20-30sm hærrí en umhverfið og með glöggum gróðurskilum. Hávaðinn er 30sm langur og um 16m breiður. Norðaustast eru líklega leifar síðustu hlöðunnar. Um 20-30sm djúp lægð, 9x4m löng (NV-SA), með 10-20sm háum, 1m breiðum hrygg eftir endilöngu í miðjunni. Suðvestast er 5-10sm djúp dæld 8m löng og mest um 5m breið, líklega leifar sjálfra húsanna.

Aðrar upplýsingar

Á mynd Bruno Schweizer frá 1936 (mynd 7, hér að ofan) sést að á þeim tíma virðist hafa verið hús með járnklæddu þaki norðaustast en til suðausturs virðist hafa verið hús með torfþaki. Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann. Veggir voru úr torfi og grjóti – Hlöður byggði hann við hvert hús – Voru hlöðurnar sjö að tölu – allar grafnar í jörðu og kjallarar þeirra hlaðnir úr grjóti – En það sem var ofanjarðar var úr timbri, er var klætt með þakjárn. Þök fjárhúsa voru reft með timbri og þakin torfi – Á niðurtúni mynduðu þau ferhyrning. Öll þessi hús hétu eitthvað – Á niðurtúni Samstæðuhús – Torfhlöðuhús – Syðsta og neðsta hús, Ysta og neðsta hús, Grundarhesthús efstu hús á upptúni. [...] Öll hús sem faðir minn byggði eru nú fallin nema kirkjan.““ (KG: 13).



Bólstaðarhlíð - 15

Sérheiti: Syðsta og neðsta hús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld/Tóft

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjögur útihús í suðvesturhluta túnsins sem mynda ferhyrning og passar vel við húsarústir sem sjást á þessum slóðum. Umrædd tóft er í suðvesturhorni túnsins rúma 260m suðvestur af núverandi kirkju.

Lýsing

Tóftasvæðið er rúmir 12m á lengt (SV-NA) og um 8m að breidd þar sem það er breiðast í norðaustur hluta, en um 5m breitt að suðvestan. Útveggir eru lágir um 5-15sm og um 1,2-2m breiðir. Tvær samsíða dældir liggja norðvestur-suðaustur 10-20sm djúpar, 2x5m að innanmáli (krær) með 0,6-1m breiðu hafti á milli eftir endilöngu (garða). Grjót sést allvíða í þessum veggjaleifum. Óljóst sér móta fyrir innveggjum í suðvesturhlutanum, þeir eru um 5sm háir en sjást ekki til suðurs. Innanmál þessa hluta tóftarinnar virðist hafa verið um 2x3m og veggir 1-1,5m breiðir, hugsanlega eru þetta leifar hlöðu.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll þessi hús hétu



eitthvað – Á niðurtúni Samstæðuhús – Torfhlöðuhús – Syðsta og neðsta hús, Ysta og neðsta hús, Grundarhesthús efstu hús á upptúni. [...] Öll hús sem faðir minn byggði eru nú fallin nema kirkjan.““ (KG: 13). Í handriti frá árinu 1972 segir Klemens: „Einnig þarf að flytja þangað [niður fyrir túnið] ónýtar vélar og timbur af niðurtúni þar sem ystu og neðstu húsin eru – en þau eru nú fallin inn. Rífa þarf þakið af hlöðugarminum og flytja burt svo allt þetta dót hverfi af túni – Slétta ber svo yfir þetta allt – Brenna heyruslið úr hlöðukjallara og ýta svo húsveggjum ofan í hann. Tvö hússtæði á niðurtúni þarf að hreinsa af grjóti og slétta þau svo eigi sjáist þar ósleignir blettir þegar tún er hirt [...]“ (KG: 65).

Bólstaðarhlíð - 16

Sérheiti: Ysta og neðsta hús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjögur útihús í suðvesturhluta túnsins sem mynda ferhyrning og passar vel við húsarústir sem sjást á þessum slóðum. Umrædd tóft er um 250m suðvestur af íbúðarhúsinu á Bólstaðarhlíð 2, tæpa 90m norðvestan við „Syðstu og neðstuhúsin“ (nr. 16).

Lýsing

Mjög greinileg dæld er á þessum stað í túninu 5x6m að innanmáli og snýr norðaustur suðvestur, um 20sm djúp. Suðvestan við hana er grynri og óljósari dæld, sem snýr eins og er 5x8m að innanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. Öll þessi hús hétu eitthvað – Á niðurtúni Samstæðuhús – Torfhlöðuhús – Syðsta og neðsta hús, Ysta og neðsta hús, Grundarhesthús efstu hús á upptúni. [...] Öll hús sem faðir minn byggði eru nú fallin nema kirkjan.““ (KG: 13).

Bólstaðarhlíð - 17

Sérheiti: Torfhlöðuhús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Dæld

Staðhættir


Dældin er um 175m suðvestur af Bólstaðarhlíð 2, um 70m norðaustur af dældum nr. 16 og jafn langt norðvestur af nr. 14.

Lýsing

Dældin er grasi gróin, um 10-20sm djúp, ferhyrnd um 5m á kant.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann. Veggir voru úr torfi og grjóti – Hlöður byggði hann við hvert hús – Voru hlöðurnar sjö að tölu – allar grafnar í jörðu og kjallarar þeirra hlaðnir úr grjóti – En það sem var ofanjarðar var úr timbri, er var klætt með þakjárn. Þök fjárhúsa voru reft með timbri og þakin torfi – Á niðurtúni mynduðu þau ferhyrning. Öll þessi hús hétu eitthvað – Á niðurtúni Samstæðuhús – Torfhlöðuhús – Syðsta og neðsta hús, Ysta og neðsta hús, Grundarhesthús. [...] Öll hús sem faðir minn byggði eru nú fallin nema kirkjan.““ (KG: 13).



Bólstaðarhlíð - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Þústin er um 120m suðvestur af Bólstaðarhlíð 2, um 37m norðaustur af dæld nr. 17.

Lýsing

Skeifulaga ávalur hóll sem sker sig nokkuð úr gróðurfarslega. Hóllinn er ávalur, 20-70sm hár, 15m langur (SV-NA) og 11m breiður, þar sem hann er breiðastur, geil er inni hóllinn að suðaustan, um 7,5m breið og gengur um 6,5m inni hóllinn.

Bólstaðarhlíð - 19

Sérheiti: Grundarhesthús

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Utan við þann völl [Kirkjuvöll] heitir Hesthúsgrund – Ofarlega á grundinni var hesthús sem nú er horfið“ (GK: 11). Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd útihús í túnin neðan heimreiðarinnar, um 200m vestur norð-norðvestur af bænum (sem er þó nær því að vera í hávestur séu áttahorfin leiðrétt).


Lýsing

Tóftin liggur nálega norðvestur-suðaustur og er 28m löng og 10-14m breið, breiðust að suðaustan. Nyrst er hringlaga lægð 10-15sm djúp, sunnan við hana eru tvær samsíða dældir tæplega 6m langar og um 170sm breiðar, hugsanlega krær og garði á milli þeirra. Suðaustast er um 10-15sm djúp dæld með ávalar brúnir, suðvestan við hana er afar óljós og grunn dæld. Útbrúnir tóftarinnar eru ávalar um 10-30sm háar. Gróðurskil eru þarna í túninu og standa þessar byggingaleifar ögn hærra en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Mjög líklega eru hér leifar einhvers meira en hesthúss, af umfanginu að dæma.

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann. Veggir voru úr torfi og grjóti – Hlöður byggði hann við hvert hús – Voru hlöðurnar sjö að tölu – allar grafnar í jörðu og kjallarar þeirra hlaðnir úr grjóti – En það sem var ofanjarðar var úr timbri, er var klætt með þakjárnri. Þök fjárhúsa voru reft með timbri og þakin torfi – Á niðurtúni mynduðu þau ferhyrning. Öll þessi hús hétu eitthvað – Á niðurtúni Samstæðuhús – Torfhlöðuhús – Syðsta og neðsta hús, Ysta og neðsta hús, Grundarhesthús. [...] Öll hús sem faðir minn byggði eru nú fallin nema kirkjan.“ (KG: 13).



Bólstaðarhlíð - 20

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag/Hryggur

Staðhættir

Leifar túngarðsins eru sýnilegar sem hryggur sitthvorum megin við veginn sem liggur vestur úr túninu frá Bólstaðarhlíð 2 og aftur sunnar og austar í túninu þar sem hann liggur í boga að leifum „Samstæðuhúsa“ (nr. 14).

Lýsing

Garðlagið liggur þar nálega norður suður beggja megin vegarins. Sunnan við veginn sést um 60m langur hryggur, um 20-30sm hár og 4m breiður. Um 30m sunnar eru óljósari leifar þessa garðlags, 1,5-3m breiður, 10-20sm hár og liggur í boga suðaustur að leifum (nr. 14). Norðan við veginn og sést um 20m langur hryggur um 4m breiður og 20sm hár. Hryggurinn endar að norðan við um 30-60sm háan bakka sem liggur í boga til norðurs og austurs í átt að „Lögréttunni“ (nr. 23). Í framhald af því sést á loftmynd óljóst far í sömu stefnu áleiðis til austurs og beygir svo lítillega í miðju túni til suðausturs í átt að Hlíðará, ummerki um garðlag á þessum stað sáust hins vegar ekki á vettvangi. (Kort af uppmældum minjum í heimatúni Bólstaðarhlíðar er að finna aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Gamall túngarður var umhverfis túnið á pörtum þegar Guðmundur Klemenzson tók við búi árið 1883. Guðmundur hlóð auk þess torfgarð á þrjá vegu í kringum túnið snemma á búskaparárum sínum sem hann ruddi síðar út þegar hann stækkaði túnið enn frekar. Guðmundur var með búskap frá árinu 1883-1916 (KG: 84, 89). Umræddur garður gæti verið leifar hvors þessara garða sem er. Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Guðmundur Klemenzson var fæddur [...] 1847 [...]. En hin síðustu ár, er faðir hans lifði var Guðmundur fyrir búi föður síns og tók að fullnustu við því 1883 [er] Klemenz dó, þá komin um nírátt. [...] Enn má sjá nokkur merki þess túnskika, sem var hér, er Guðmundur tók við – Var það kargabýfður túnkragi kringum bæinn, sem í mesta lagi gaf af sér þriðja hundrað hesta af smáu bandi, enda aðeins girt með torfgarði á pörtum og í mestu órækt – Byrjaði Guðmundur þegar á að koma rækt í gamla túnið og slétta það, en síðar fór hann að færa það út á allar hliðar nema að sunnan þar sem áin bannaði frekara landnám. [...] Gerði og skurð fyrir ofan tún og utan til varnar fyrir skriðuhlaupum – Og hlóð síðan torfgarð á þrjá vegur í kringum það, jafnt til vörslu sem til varnar fyrir skriðuhlaupum og ágangi árinna – En sá garður stóð ekki fyrir honum sjálfum. Enn stækkaði hann túnið um 20 dagsláttur svo það er nú 22 hektarar og gefur af sér nálægt 900 hestum – Síðast girti hann það gaddavír 1915.“ (KG: 83-85).

Bólstaðarhlíð - 21

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Neðan við hana [brekkuna Grund] utantil er hóll, er kallast Kvíar.“ (ÖBH: 1).

Lýsing

Hóllinn er ávalur 24x13m og snýr norður-suður, um 50-80sm hár. Í norðurhluta hans er 10m löng ávöl og um 2m breið geil, hugsanlega leifar kvíanna. Hóllinn er það umfangsmikill að vel er hugsanlegt að kvíarnar hafi verið byggðar á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] Kvíahnjúkur, kenndur við kvíar er standa sem fornmenjar í túninu neðan við hann.“ (KG: 16).



Mynd 8, horft til suðurs yfir meintar Kvíar (nr. 21) vestarlega í túninu á Bólstaðarhlíð.

Bólstaðarhlíð - 22

Hlutverk: Náttthagi/Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Miðað við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar er matjurtagarður fast utan túngarðs norðvestur af bænum á Bólstaðarhlíð. Sama garðlag sést á nokkrum ljósmyndum Bruno Schweizer frá fjórða áratug 20. aldar. Miðað við kortið virðist matjurtagarðurinn hafa verið um 250m norðvestur af bænum, eða um 70m norðaustur af austurenda minkahússins.

Lýsing

Garðlagið sést ekki lengur.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni var náttthagi á sama stað og kálgarður er teiknaður inn á túnakort Bólstaðarhlíðar, norður af bænum (munnl. heimild 8.9.2009). Hugsanlega var náttthaginn seinna nýttur sem matjurtagarður.

Bólstaðarhlíð - 23

Sérheiti: Lögrétta

Hlutverk: Óþekkt/lögrétta/rétt?

Tegund: Garðlög

Hættumat: Búið er að planta trjám meðfram garðlaginu að utan og innan og eru minjar í mikilli hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Ofan við bæinn sést garður er myndar stóran hring er kallast Lögrétta.“ (ÖBH: 1).



Mynd 9, horft til norðausturs eftir suðausturhluta svonefndrar Lögrétta ofan bið íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 1.

Lýsing

Garðurinn sést í dag og minnir helst á rétt, þar sem almenningurinn stendur eftir en annað er útmáð. Mannvirkið er ekki fullkomlega hringlaga, þótt veggir þess virðist bogadregnir beygja þeir skarpar á nokkrum stöðum og hærri í beygjunum og útfrá sumum þeirra ganga líkt og veggstubbbar, hugsanlega leifar dilkaveggja. Sjálfur hringurinn, sem raunar er óreglulegur fimmhyrningur er um 30x25m á kant, norðvestur-suðaustur og veggstubbarnir útfrá hornunum eru á bilinu 1,5x4m nema sá nyrsti sem er lengstur og verður að lágum hrygg sem sést á um 13m kafla. Veggirnir eru með ávalar brúnir, algrónir og um 2-3m breiðir. Búið er að planta trjám innan og utan veggjanna. (Yfirlitsmynd af uppmældum minjum í heimatúni Bólstaðarhlíðar er að finna aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Kristján Kálund getur þess í neðanmálgrein bókar sinnar *Íslenskir Sögustaðir*, sem kom fyrst út á dönsku árið 1879, að í „Bólstaðarhlíð er sögð ferhyrnd tóft er nefnist „lögrétta“.“ (KK III: 39). Í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld* er vitnað í dagbók Bruno Schweizer þar sem segir: „Næst sýndi Klemens mér hvar talið er að hafi verið þingstaður til forna, en ummerki hans eru svo ógreinileg að leikmaður myndi telja sig sjá gamlan tjaldhring eða leifar af rétt.“ (Úr torfbæjum: 203). Í handriti Klemens Guðmundssonar sjálfs segir: „[...] garðlag er liggur í hring og kallast: Lögrétta. Útfrá henni lágu garðar sem nú sjást óglögg - Norðan í Lögréttuhringnum kemur fram þúfa sem mér var sagt að væri leiði mikils sveitarhöfðingja er hafði stýrt fundum á vorþingum þessarar lögrétu. Eigi veit ég nafn þessa manns. En á fundi Nýelssona er haldinn var í Bólstaðarhlíð 20. júní 1971 fullyrti einn miðillinn að þarna hefði verið þingstaður í fornöld.“ (KG: 10). Í örnefnaskrá Þorsteins Konráðsson segir: „Uppi á túninu í Bólstaðarhlíð eru fornar girðingaleifar, sem mönnum kemur ekki saman um, hvað hafi verið. Uppdráttur af þeim er í handriti mínu, Bæja- og fornleifateikningar. Nokkrir hallast að þeirri skoðun fyrir norðan, að þar hafi til forna verið lögrétta. Enginn dómur skal á það lagður, en hitt er víst, að engar heimildir þekki ég fyrir því, að það geti verið. Þannig lagaðar girðingaleifar fyrirfinnast hingað og þangað og sagnir um ýmist gamlar hofrústir eða lögréttur, en flest bendir á, að þetta muni munnmæli, er þjóðsögnin hafi verndað frá gleysku.“ (ÖPK: 1-2).

Bólstaðarhlíð - 24

Hlutverk: Fjós

Tegund: Dæld

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] fjósið er stóð langt frá bænum uppi á túninu – Sjást merki þess fjóss enn spölkorn fyrir sunnan efra íveruhúsið.“ (GK: 5). Um 37m suðaustur af Bólstaðarhlíð 1 er dæld í túninu.

Lýsing

Dældin liggur norðvestur-suðaustur og er 2m djúp og um 16m löng og 3-4,5m breið, breiðust til norðvesturs. Dældin er grasigróin og illgreinanleg.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar svonefnd „Gamlafjóss“. Í örnefnaskrá segir: „Milli hólanna [Litla- og Stórahóls] er skarð og skammt ofan við þar er svokallað Þrælsgerði. Ofan við þar er hóll, er kallast Gamlafjós.“ (ÖBH: 1). Hólarnir eru nú horfnir en voru samkvæmt örnefnaskránni „sunnan“ við bæinn, af lýsingunni að dæma ætti „Gamlafjós“ að hafa verið einhversstaðar suður eða suðaustur af núverandi íbúðarhúsi á Bólstaðarhlíð 1, því það virðist málvenja að tala um suðaustur sem suður á Bólstaðarhlíð.

Bólstaðarhlíð - 25

Sérheiti: Stórhóll

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við bæinn er langur hóll, sem kallast Litlihóll. Sunnan við Hann er annar stærri hóll er kallast Stórhóll.“ (ÖBH: 1). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Tveir öskuhólar voru sunnan við gamla íveruhúsið – Báðir grasi grónir. og hétu þeir – Stórhóll sá stærri, stutt frá Hlíðarhá – en Litlihóll nær bænum. Báðir hafa þessir hólar verið jafnaðir við jörðu og sjást því ekki lengur.“ (KG: 11).

Lýsing

Gróðurskil eru í túninu um 60m austur af kirkjunni og stemma við lýsingu á staðsetningu Stóra-Hóls. Hnitpunktur var tekinn á þessum stað en hafa verður fyrirvara á honum og má gera ráð fyrir allt að 40m skekkju (sjá yfirlitsmynd af heimatúni Bólstaðarhlíðar aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni var hólunum ýtt út og jafnað í drag norðan við kirkjuna (munnl. heimild 8.9.2009).

Bólstaðarhlíð - 26

Sérheiti: Litlihóll

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við bæinn er langur hóll, sem kallast Litlihóll. Sunnan við Hann er annar stærri hóll er kallast Stórhóll.“ (ÖBH: 1). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Tveir öskuhólar voru sunnan við gamla íveruhúsið – Báðir grasi grónir. og hétu þeir – Stórhóll sá stærri, stutt frá Hlíðarhá – en Litlihóll nær bænum. Báðir hafa þessir hólar verið jafnaðir við jörðu og sjást því ekki lengur.“ (KG: 11).

Lýsing

Leifar þessara hóla fundust ekki á vettvangi enda hefur þeim verið jafnað út. Hnitpunktur var tekinn milli bæjarstæðisins og meintra leifa Stórahóls í samræmi við heimildir og má gera ráð fyrir allt að 40m skekkju (sjá yfirlitsmynd af heimatúni Bólstaðarhlíðar aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni var hólunum ýtt út og jafnað í drag norðan við kirkjuna (munnl. heimild 8.9.2009).

Bólstaðarhlíð - 27

Sérheiti: Þrælsgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Milli hólanna [Stóra- og Litlahóls] er skarð og skammt ofan við þar er svokallað Þrælsgerði.“ (ÖBH: 1). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Þrælsgerði sést nú óglögg sunnarlega í túninu.“ (KG: 11).

Lýsing

Leifar meints Þrælsgerðis fundust ekki á vettvangi og óljóst hverslag minjar það hafa verið. Hnitpunktur var engu að síður tekinn samkvæmt lýsingu og má gera ráð fyrir allt að 40m skekkju (sjá yfirlitsmynd af heimatúni Bólstaðarhliðar aftast í skýrslunni).

Bólstaðarhlið - 28

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld* er vitnað í dagbók Bruno Schweizer þar segir: „Við hliðina [á Lögrétta] eru mótaðar nokkrar um það bil 5 m breiðar öldur hlið við hlið í völinn. Kannski hefur einhvern tíma verið stunduð hér korn- eða matjurtarækt í hryggjum.“ (Úr torfbæjum III: 203).

Lýsing

Hryggirnir sem Schweizer nefnir í túninu sjást ekki lengur, en þeir sjást vel á mynd sem hann tók ofan af Bólstaðarhliðarfjalli (sjá mynd hér að neðan), sem og svarthvítri loftmynd frá Landmælingum ehf. (N25-Nö5335.tif). Hnit voru tekin eftir loftmyndinni.

Aðrar upplýsingar

Í bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld* er því bætt við að öldurnar sem Schweizer sá í túninu hafi verið beðasléttur, handsléttaðar af Guðmundi Jónasi Klemenssyni (1847-1931), föður Klemensar (Úr torfbæjum III: 203).



Mynd 10, ljósmynd Bruno Schweizer frá fjórða áratug 20. aldar. Túngarður (nr. 35) sést niður við Hliðará lengst til vinstri á myndinni í túninu ofan við afleggjarann að bænum eru tvö garðlög (nr. 38 og hluti af nr. 35 sem nú er horfið). Á milli þeirra er tóft (nr. 33), líklega hesthús. Neðan við afleggjarann fyrir miðri mynd sést svonefnd Lögrétta (nr. 23). Lengst til vinstri beggja vegna vegarins sjást leifar beðasléttna (nr. 28), þrír ávalir hryggir sem liggja eftir brekkunni frá norðvestri til suðausturs (Mynd: Bruno Schweizer, brot af mynd BS 501 Bólstaðarhlið. Tímatákn ehf.).

Bólstaðarhlíð - 29

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Hættumat: Minjarnar hafa þegar orðið fyrir skemmdum af völdum ágangi búfenaðir og eru í hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Leifar garðlags liggja norðvestur-suðaustur yfir túnendann um 100m norðaustur af Bólstaðarhlíð 1 og 60m suðvestur af fjárhúsunum norðaustast í túninu neðan við afleggjarann heim að bænum.

Lýsing

Garðlagið sést sem aflíðandi hryggur um 90m langur og um 3-3,5m breiður, mest um 70sm hár og að hluta til útsparkaður af hestum (sjá yfirlitskort af heimatúninu á Bólstaðarhlíð aftast í skýrslunni).

Aðrar upplýsingar

Gamall túngarður var umhverfis túnið á pörtum þegar Guðmundur Klemenzson tók við búi árið 1883. Guðmundur hlóð auk þess torfgarð á þrjá vegu í kringum túnið snemma á búskaparárum sínum sem hann ruddi síðar út þegar hann stækkaði túnið enn frekar. Guðmundur var með búskap frá árinu 1883-1916 (KG: 84, 89). Umræddur garður gæti verið leifar hvors þessara garða sem er. Í handriti Klemens Guðmundssonar frá því um eða uppúr 1970 segir: „Garður sá er faðir minn gjörði sunnan við túnið hefur nú sigið svo að hann ver ekki ánni að flæða inn á túnið sem hann áður gjörði er hann var nýlega gjörður – og efst fyrir neðan brúna er hann alveg horfinn [...] einnig þarf að ýta að garðinum sunnan frá ánni og hækka hann [...] Áður en garður þessi var hlaðinn fór áin stundum með ruðninga yfir túnið alla leið heim undir bæ – síðan komst hún það ekki þar til nú fyrir nokkrum árum að hún skaust yfir garðinn og flæddi með ruðninginn heim undir íbúðarhús – skemmdi túnið og tók með sér járnplötur ofl. er varð á vegi hennar. [...] Fyrir mörgum árum var grjót flutt á árbakkann syðst á túninu í þeim tilgangi að lengja neðri garðinn, er ég lét gera, en úr því varð ekki.“ (KG: 64-65).

Bólstaðarhlíð - 30

Hlutverk: Óþekkt/Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40m neðan (sunnan) við fjárhúsin sem eru neðan vegar í norðausturhluta gamla túnsins eru óljósar minjar, hugsanlega leifar réttar.

Lýsing

Tóftin liggur suðvestur-norðausturs, 22m löng og tæplega 10m breið. Girðing liggur þvert yfir tóftina frá norðvestri til suðausturs. Stærri helmingur tóftarinnar er sunnan við girðinguna, skeifulaga hryggur, 30-50sm hár og um 1,8x4m breiður. Norðan girðingarinnar er hálfhringlaga höll, 6,5x10m.

Bólstaðarhlíð - 31

Sérheiti: Efstuhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar eru sýnd fjárhús um 260m austur af bænum (sé áttahorfið fært til rétts vegar eru húsin í norðaustur frá bæ).

Lýsing

Engar leifar þessara húsa fundust á vettvangi en þarna er í dag steinsteypt hlaða (braggi) og búið að slétta úr leifum yngri fjárhúsa sem voru suðvestan hennar.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hann [Guðmundur Klemenzson faðir Klemensar] byggði upp öll hús á jörðinni en ekkert þeirra var úr varanlegu efni. [...] Öll peningshús byggði hann. Veggir voru úr torfi og grjóti – Hlöður byggði hann við hvert hús – Voru hlöðurnar sjö að tölu – allar grafnar í jörðu og kjallarar þeirra hlaðnir úr grjóti – En það sem var ofanjarðar var úr timbri, er var klætt með þakjárn. Þök fjárhúsa voru reft með timbri og þakin torfi [...] Öll þessi hús hétu eitthvað [...] Efstu hús á upptúni“ (KG: 13). Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni voru Efstuhús tvístæð fjárhús, rífin um 1964-65 (munnl. heimild 8.9.2009).

Bólstaðarhlíð - 32

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd tvenn útihús norðaustast í túninu. Suðaustari húsinn (nr. 31) virðast hafa verið þar sem í dag er steinsteyptur braggi en hús eru sýnd um 40m norðvestar.

Lýsing

Míðað við túnakortið hafa þessi hús hafa annað hvort farið undir heimreiðina heim að bænum eða verið sléttaðar í tún skammt ofan við heimreiðina.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar er merkt við „Efstu hús á upptúni“ (nr. 17) og skrifað á spássíu: „Hrútakofi ca. 100m frá þeim.“ (KG: 13).

Bólstaðarhlíð - 33

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við bæinn sést garður er myndar stóran hring er kallast Lögrétta. Norðan við hana eru svokallaðir Hringhólar.“ (ÖBH: 1). Í handriti Klemens Guðmundssonar er skrifað á spássíu: „Hesthúskofi innan túngirðingar ofan við Hringhóla eyðilagðist af snjóflóði úr Bæjargili.“ (KG: 13).

Lýsing

Engar tóftir eru sýnilegar í túnbrekkunni ofan við bæinn.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni hafa Hringhólar nú verið jafnað út (munnl. heimild 8.9.2009).



Mynd 11, mynd Bruno Schweizer af hesthúsinu í hlíðinni ofan við bæinn.

Bólstaðarhlíð - 34

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnd tröð eða heimreið frá bænum til vesturs þvert í gegnum túnið og til suðurs að hliðará austan við kirkjuna.

Lýsing

Vesturhluti heimreiðarinnar er kominn undir uppbyggðan veg sem liggur fast neðan við minkahúsin vestast í túninu og heimreiðin að sunnan er komin undir vegslóða.

Bólstaðarhlíð - 35

Hlutverk: Túngarður/varnargarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Garðurinn er skammt frá Hliðará, og að hluta hugsaður sem varnargarður fyrir túnið. Garðurinn er því í hættu vegna landbrots af völdum árinna.

Staðhættir

Grjóthlaðinn túngarður sést meðfram Hliðará, austan við bæ á Bólstaðarhlíð og meðfram túninu að suðaustan. Á mynd nr. 9 hér að ofan sést að einnig hefur verið hlaðið undir girðinguna uppí brekkunni fyrir ofan bæinn en sá kafla hefur horfið við vegaframkvæmdir og túnsléttun.

Lýsing

Norðaustast á um 50m kafla er garðurinn grjóthlaðinn og nokkuð hruninn, 30-80sm hár og 2,5m breiður. Girðing fer yfir garðinn við tóftin nr. 2, sunnan hennar er garðurinn heillegri 50-100sm hár og um 2,2m breiður á um 120m kafla. Garðurinn er á þessum kafla grjóthlaðinn til austurs að ánni en gróinn til vesturs að túninu. Meðfram suðausturhluta túnsins, sunnan við gömlu heimreiðina til suðurs er garðurinn sömuleiðis gróinn til vesturs en grjótið bert til austurs, garðurinn er á þessum 230m kafla um 40-70sm hár og um 2m breiður, örlítið hruninn um miðbikið.

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Klemenzson hlóð torfgarð á þrjá vegu í kringum túnið snemma á búskaparárum sínum sem hann ruddi síðar út þegar hann stækkaði túnið enn frekar. Guðmundur var með búskap frá árinu 1883-1916 (KG: 84, 89). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Guðmundur Klemenzson var fæddur [...] 1847 [...]. En hin síðustu ár, er faðir hans lifði var Guðmundur fyrir búi föður síns og tók að fulnustu við því 1883 [er] Klemenz dó, þá komin um nírátt. [...] Enn má sjá nokkur merki þess túnskika, sem var hér, er Guðmundur tók við – Var það kargabýfður tunkragi kringum bæinn, sem í mesta lagi gaf af sér þriðja hundrað hesta af smáu bandi, enda aðeins girt með torfgarði á pörtum og í mestu órækt – Byrjaði Guðmundur þegar á að koma rækt í gamla túnið og slétta það, en síðar fór hann að færa það út á allar hliðar nema að sunnan þar sem áin bannaði frekara landnám. [...] Gerði og skurð fyrir ofan tún og utan til varnar fyrir skriðuhlaupum – Og hlóð síðan torfgarð á þrjá vegur í kringum það, jafnt til vörslu sem til varnar fyrir skriðuhlaupum og ágangi árinna – En sá garður stóð ekki fyrir honum sjálfum. Enn stækkaði hann túnið um 20 dagsláttur svo það er nú 22 hektarar og gefur af sér nálægt 900 hestum – Síðast girti hann það gaddavír 1915.“ (KG: 83-85).

Bólstaðarhlíð - 36

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...]Guðmundur Klemenzson] hlóð grjótgarð með Svartá utan við ármótin þar sem Hlíðará rennur í Svartá.“ (KG: 62).

Lýsing

Ekkert sér eftir af þessum garði enda hefur verið ýtt þarna upp nýjum garði með jarðýtu.

Aðrar upplýsingar

Um garðinn segir Klemens: „Þessi grjótgarður varði Svartá að falla upp að Hlíðartúni í tugi ára og einnig að verja landið neðan við túnið, sem prýðir Bólstaðarhlíð – og var til þæginda, er sauðfé var rekið þar saman. [...] Grjótgarður þessi var eyðingu undirorpinn eins og önnur mannaverk og að nýju fór Svartá að rífa niður. Þetta sáum við eftirkomendurnir – þetta sá Elísabet kona mín – þess vegna lét hún byggja grjótgarðinn upp með ýtu [...]“ (KG: 62-63).

Bólstaðarhlíð - 37

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tóft er undir um 140sm háum bakka sem er 26m ofan við þjóðveginn um 200m norðan við íbúðarhúsið á Bólstaðarhlíð 1.

Lýsing

Tóftin er afar illgreinanleg, veggir skera sig lítt úr umhverfinu gróin grasi mosa og ljónslöpp. Veggirnir eru um 20-50sm háir og 0,6-3m breiðir. Tóftin er tví- eða þrískipt, austarihlutinn er líkastur rétt, 9m langur og 2,5-5,5m breiður, opinn til suðausturs, byggður utan í kant að norðan og austan. Norðvestan við er minni tóft, hugsanlega tvískipt, hvor hluti er 3,5x0,8m líkt og krær með 80sm breiðum garða á milli, þetta gæti þó verið hrun. Dyr eru útúr tóftinni austast á suðurvegg.

Aðrar upplýsingar

Þessi tóft virðist ekki koma fyrir í heimildum, en þarna gæti verið um stekk að ræða eða rétt með áföstum fjárhúskofa. Girt er á bakkanum ofan við, hugsanlega leifar girðingar sem Guðmundur Klemensson girti árið 1915.



Bólstaðarhlíð - 38

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á ljósmynd Bruno Schweizer frá miðjum fjórða áratug 20.aldar má sjá garðlag í brekkunni ofan við Bólstaðarhlíð sitt hvorum megin við tóft (nr. 33), (sjá mynd 9 hér að ofan). Bæði þessi garðlög passa ágætlega við túnakort frá fyrri hluta 20. aldar. Neðra garðlagið er þá komið inni túnið sem girt er af með vírgirðingu eftir efri garðinum.

Lýsing

Þarna er tún í dag og sér ekki móta fyrir þessu garðlagi.

Aðrar upplýsingar

Guðmundur Klemenzson hlóð torfgarð á þrjá vegu í kringum túnið snemma á búskaparárum sínum sem hann ruddi síðar út þegar hann stækkaði túnið enn frekar. Guðmundur var með búskap frá árinu 1883-1916 (KG: 84, 89). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Guðmundur Klemenzson [...] hlóð síðan torfgarð á þrjá vegur í kringum það, jafnt til vörslu sem til varnar fyrir skriðuhlaupum og ágangi árinna – En sá garður stóð ekki fyrir honum sjálfum. Enn stækkaði hann túnið um 20 dagsláttur svo það er nú 22 hektarar og gefur af sér nálægt 900 hestum – Síðast girti hann það gaddavír 1915.“ (KG: 83-85).

Bólstaðarhlíð - 39

Hlutverk: Varnarmannvirki/Fráveita

Tegund: Niðurgröftur/Skurður

Staðhættir

Fimm skurðir sjást enn í skriðunum ofan við þjóðveginn vestur af heimatúninu í Bólstaðarhlíð.

Lýsing

Skurðirnir sjást enn glögglega og voru mældir upp af loftmynd. Skurðirnir eru ofan vegar, ofan við sléttar grundir sem Guðmundur hefur ræktað upp. Skurðirnir liggja skáhalt neðarlega í skriðunum og er ætlað að beina vatni og skriðuföllum frá túnunum. Austast er stuttur skurður rúma 400m vestur af minkahúsinu sem er vestast í gamla túninu. Skurðurinn er 50m langur og hallar til suðausturs. Tæpum 100m vestar er annar skurður sem hallar í gagnstæða átt og skurður á móti honum, saman mynda þeir einskonar trekt sem veitir vatni og aurflóðum á milli tveggja ræktarbletta fyrir neðan. Austari skurðurinn er um 85m langur og sá vestari tæplega 140m. Um 90m vestar eru aftur tveir skurðir sem mynda samskonar trekt, sá austari 100m langur með lítinn halla til suðvesturs og hinn 140m langur og hallar mun skarpar til suðausturs. Skurðirnir eru á bilinu 30-60sm djúpir og víðast um 0,5-1m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar kemur fram að faðir hans sem tók við búi af föður sínum Klemenz Klemenzsyni árið 1883 hafi handgrafið skurði í skriðunum fyrir ofan túnin til að verja þau skriðuföllum (KG: 85).

Bólstaðarhlíð - 40


Sérheiti: Miðstekkur/Miðstekki/Miðstykki

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í ómerktri örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Vestan við klifið og útað svokölluðum Hólum er svæði, sem kallast: Miðstekki. Rétt utan við klifið er lítil laut er kallast Krubbulaut. [...] Á eyrinni neðan við Miðstekki er stór klettur er heitir Einbúi. Hlíðin ofan við þetta svæði heitir: Miðstekkjjarhlíð.“ (ÖBH: 2). Stekkjartóft er í Miðstekkjjarhlíð um 65m ofan þjóðvegarins þar sem hann sveigir lítillega til suðurs fyrir Hólana áður en hann beygir til norðvesturs fram Langadalinn.



Lýsing

Tóftin er í grónum bolla eða laut, vestanundir framhlaupi úr fjallinu, svonefndum Hólum. Tóftin er tvískipt, rétt að vestan byggð utan í brekkuna að norðan og vestan og lítil tóft, líklega lambakró að suðaustan þar sem landið fer aftur að hækka til austurs. Réttin er mest um 7x6,5m að innanmáli, hlið hefur verið austarlega á suðurvegg. Við suðausturhorn réttarinnar er minni tóft, horn í horn, og nær hún lengra til suðurs og austurs, um 2x3m að innanmáli með hlið til suðurs. Veggir tóftarinnar eru 120-170sm breiðir og um 40-50sm háir. Grjót sést víða í veggjum sem eru annars vel grónir grasi og vallhumli. Út frá suðvesturhorni lambakróarinnar gengur einföld steinaröð tæpa 3m til vesturs. Hugsanlega tengt jarðsíma sem hefur verið plægður niður í jörðina (A-V) rétt neðan við tóftina. Þar fyrir neðan eru óljósari garðlög og lítil tóft, hugsanlega leifar eldri stekkjjar.

Aðrar upplýsingar

Örnefnið Miðstekkur og Miðstekkjjarhlíð benda til að á þessum slóðum hafi verið stekkur, e.t.v. á milli tveggja annarra. Í jarðabók frá 1713 kemur fram að girðingar séu í landinu þar sem nú sé stekkur (JÁM IX: 390-391). Það hefur verið talið að hér sé átt við minjarnar í og undir Miðstekkjjarhlíð, en neðan við veginn eru fleiri tóftir og forn túngarður. Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Utan við klifið kemur svæði sem kallast Miðstekki. Þar má sjá votta fyrir túngarði neðan við veginn [...] En ofan við veginn upp við fjallið sést votta fyrir stóru réttarstöði.“ (KG: 20).

Bólstaðarhlíð - 41

Sérheiti: Miðstekkur/Miðstekki/Miðstykki

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Óljósar tóftir eru neðan við tóft nr. 40, í sömu laut í Miðstekkjjarhlíð ofan þjóðvegarins þar sem hann sveigir lítillega til suðurs fyrir Hólana áður en hann beygir til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Garðlag virðist liggja þvert yfir lautina (NV-SA) um 6-7m neðan við stekkjartóftina nr. 40, og neðan við það að austan virðist vera lítil tóft. Hlið virðist vera á garðinum í miðri lautinni en austan við það liggur garðurinn um 6m til suðausturs og beygir þá í 90° og nær um 4m til norðausturs. Meint garðlag er þýft og óljóst 10m langt og um 2,5m breitt og á bilinu 30-90sm hátt, hæst upp við brekkubrúnina að vestan. Neðan við það að austan er illgreinanleg tóft, um 1,8x3m að innanmáli. Veggir eru á bilinu 20-50sm og um 120-170sm breiðir. Þessi tóft og garðlög eru afar óljós, en hugsanlega eru þarna leifar eldri stekkjjar.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1713 kemur fram að girðingar séu í landinu þar sem nú sé stekkur (JÁM IX: 390-391). Það hefur verið talið að hér sé átt við minjarnar í og undir Miðstekkjjarhlíð, en neðan við veginn eru fleiri tóftir og forn túngarður.

Bólstaðarhlíð - 42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í ómerktri örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Vestan við klifið og útað svokölluðum Hólum er svæði, sem kallast: Miðstekki.“ (ÖBH: 2). Nokkrar tóftir eru á þessu svæði neðan við Þjóðveginn þar sem hann beygir ögn til suðurs fyrir Hólana áður en hann beygir til norð-vesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Tveir hólur ganga til suðurs undan veggneidningnum og eru tóftir á þeim báðum. Á austari hólnum er að því er virðist þrískipt tóft og tæpum 5m ofar er aflöng þúst. Tóftin liggur nálega austur vestur og er 15,5x8m að ummáli, veggir eru á bilinu 1-2m breiðir og um 50sm háir. Vestast er lítið hólf um 3m á kant, austan við það er stærra hólf 3x4m engar dyr eru greinanlegar á hvorugu. Austast er hólf eða húshluti sem er um 4x5m að innanmáli og ná veggir þess útfyrir vegg vesturhlutans að norðan. Dyr gætu hafa verið þar til norðvesturs og einnig er hugsanlegt að dyr hafi verið til suðurs úr þessum hluta hússins. Tóftin er algróin, grænni og gróskumeiri en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1713 kemur fram að girðingar séu í landinu þar sem nú sé stekkur en enginn man eftir byggð á staðnum (JÁM IX: 390-391). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Utan við klifið kemur svæði sem kallast Miðstekki. Þar má sjá votta fyrir túngarði neðan við veginn – Innan við hann er þýfi og dálítill hóll sem grænkar snemma á vorin eins og þar hafi verið tún – Faðir minn lét girða þennan blett á síðustu æviárum og sló hann á hverju sumri. – Á miðjum hólnum sjást rústir eftir einhverja byggingu en eigi veit ég hverskonar bygging það hefir verið – En ofan við veginn upp við fjallið sést votta fyrir stóru réttarstæði.“ (KG: 20). Við þetta bætir Klemens: „Sumir hafa haldið að bær Ævars hins gamla hafi fyrst staðið á Miðstekkjum. Svartá hafi þá runnið vestur við fjallið hinumegin og að undirlendið hafi þá verið meira herna megin en nú – En síðar hafi bær Ævars verið fluttur lengra fram í Ævarsskarðið þar sem Bólstaðarhlíð er nú“ (KG: 21). Sjá meira um Ævarsskarð og tilgátur um staðsetningu þess og bæjar Ævars gamla í sögukafla Bólstaðarhlíðar hér að framan. Hugsanlega hefur þarna verið býli sem hefur þá lagst snemma af, en ekkert er hægt að fullyrða um hvort þar kunni bær Ævars gamla að hafa staðið. Líklegasta bæjarstæðið er þá á öðrum hvorum hólnum.



Bólstaðarhlíð - 43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Þústin er á austari hólnum af tveimur sem eru neðan við Þjóðveginn í Miðstekkjjarhlíð þar sem vegurinn beygir ögn til suðurs fyrir Hólana áður en hann liggur til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Þústin er um 40sm há, aflöng frá austri til vesturs, 10m löng og 5,5m breið. Þústin sker sig lítt úr umhverfinu gróðurfarslega en ber þó með sér að vera manngerð.



Mynd 12, horft til austurs yfir austari hólnum af tveimur sem er neðan vegar undir Miðstekkjjarhlíð, vestarlega í landi Bólstaðarhlíðar.

Bólstaðarhlíð - 44

Sérheiti: Miðstekkur/Miðstekki/Miðstykki

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er á vestari hólnum af tveimur sem eru neðan við Þjóðveginn í Miðstekkjjarhlíð þar sem vegurinn beygir ögn til suðurs fyrir Hólana áður en hann liggur til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing


Tóftin liggur norður suður og er um 15m löng og 8,5 til 11,5m breið að utanmáli. Veggir eru þýfðir og óljósir um 20-60sm háir. Innramál tóftarinnar virðist þó vera um 5x9m og hugsanlega hlið eða dyr til suðurs. Hóllinn er allur mjög þýfður og mikið gras og sina var á honum þegar hann var skoðaður og því erfitt að átta sig á umfangi og lögun minjanna.

Aðrar upplýsingar

Hóllinn sem minjarnar standa á er að grunni til náttúrulegur en ekki er þó ólíklegt að þarna kunni að leynast eldri minjar. Óvíst er hvað hefur horfið undir veginn þegar hann var lagður en líklegustu bæjarstæðin sem nú er að sjá á þessum stað eru hólarnir tveir neðan vegarins.



Mynd 13, horfi til vesturs yfir vestari hólninn af tveimur sem er neðan vegar undir Miðstekkjahlíð, vestarlega í landi Bólstaðarhlíðar, bærinn Ártún sést í bakgrunni.



Bólstaðarhlíð - 45

Sérheiti: Miðstekkur/Miðstekki/Miðstykki

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlag liggur neðan þjóðvegarins þar sem hann beygir ögn til suðurs fyrir Hólana áður en hann liggur til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Garðlagið liggur nálega norðvestur suðaustur og hverfur undir vegkantinn að norðan en smá hvísl úr Svartá hefur nagað af suðurenda hans. Garðurinn er sokkinn og þýfður, um 2m breiður og mest um 60sm hár. Mikill gróður er á og í kringum garðinn og fellur hann vel inní umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1713 kemur fram að girðingar séu í landinu þar sem nú er stekkur (JÁM IX: 390-391). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Utan við klifið kemur svæði sem kallast Miðstekki. Þar má sjá votta fyrir túngarði neðan við veginn – Innan við hann er þýfi og dálítill hóll sem grænkar snemma á vorin eins og þar hafi verið tún – Faðir minn lét girða þennan blett á síðustu æviárum og sló hann á hverju sumri. – Á miðjum hólnum sjást rústir eftir einhverja byggingu en eigi veit ég hverskonar bygging það hefir verið – En ofan við veginn upp við fjallið sést votta fyrir stóru réttarstæði.“ (KG: 20).



Mynd 14, horft yfir suðausturhluta Hólanna ofan við þjóðveg 1 þar sem hann beygir til norðvesturs fram Langadalinn, í basýn er bærinn Ártún. Tóftir nr. 46 og 47 eru fyrir miðri mynd.

Bólstaðarhlíð - 46

Hlutverk: Óþekkt/Beitarhús

Tegund: Tóft


Staðhættir

Tóftin er á svolitlum flata ofan á svonefndum Hólum, vestarlega í landi Bólstaðarhlíðar, um 100m ofan við veginn þar sem hann beygir til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Tóftin er 15x8m að utanmáli og liggur nálega suðvestur norðaustur. Innrafyrirkomulag er ögn óljóst en tóftin virðist þó að hafa verið tvískipt. Dyr hafa verið til suðvesturs fyrir miðjum vegg á syðri hlutanum sem er 5x3m að innanmáli.

Innangengt hefur verið inní norðurhlutann og hugsannlega dyr þar nyrst á vesturvegg. Norðurhlutinn er um 3x3m að innanmáli. Veggir eru 20-60sm háir og um 2-3m breiðir, algrónir og skera sig lítt úr umhverfinu gróðurfarslega, vaxnir grasi, mosa og ljónslöpp. Hugsanlega er hér um leifar beitarhúss að ræða. Tóftin virðist byggð á eldri tóft (nr. 47) sem fer að hluta undir hana að suðaustan.



Bólstaðarhlíð - 47

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er á svonefndum Hólum, að hluta til undir annarri tóft (nr. 46), vestarlega í landi Bólstaðarhlíðar, um 100m ofan við veginn þar sem hann beygir til norðvesturs fram Langadalinn.

Lýsing

Það sem sést af tóftinni er austasti hluti hennar, 10-30sm háir veggir með ávölum brúnum og bogadregnum hornum. Tóftin nær 5m til austurs undan hinni tóftinni (nr. 46) og er 10m frá suðvestri til norðausturs. Engar dyr voru greinanlegar.

Bólstaðarhlíð - 48

Sérheiti: Gvendarbrunnur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Rétt utan við klifið er lítil laut er kallast Krubbulaut. Neðan við hana er bakki og í honum er vatnsuppspretta, er heitir Gvendarbrunnur.“ (ÖBH: 2).

Lýsing

Vatn seytlar fram úr brekkunnu nokkuð neðan við veginn á þessum slóðum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni hvarf brunnurinn sjálfur undir veg en vatn seytlar upp úr jörðinni skammt hjá, gott vatn og svalandi (munnl. heimild 8.9.2009). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Rétt utan við hana [lautina Krubbu] neðan við götuna kom vatnsbuna útúr melnum – Var buna þessi kölluð Gvendarbrunnur vegna þess að talið var að Guðmundur hinn góði hafi vígt hann. Þegar bílvegurinn [var lagður] var svo miklu rutt í þessa brekku að lækjarbunan hvarf og hefi ég ekki séð hana síðan. En undan brekkunni sígur fram vatn og myndar þar dálítið sýki. Gott þótti mér að drekka úr Gvendarbrunni, er ég kom þar þyrstur úr smalamennsku eða öðrum gönguferðum á þessu svæði, því vatnið var svo svalandi hreint og hressandi.“ (KG: 19-20).

Bólstaðarhlíð - 49

Sérheiti: Réttarnes

Hlutverk: Rétt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Skammt fyrir ofan brúna [yfir Hlíðará] er Brúarhvammur. Fyrir ofan hann er: Kelduhvammur. [...] Ofan við Kelduhvamm tekur við Dauðihvammur. Ofan við hann er Réttarnes.“ (ÖBH: 2).

Lýsing

Réttin er norðarlega á nesinu ofarlega á grónum skriðuhrygg sem lækkar til suðausturs. Réttin er 15m löng frá norðvestri til suðausturs og mest 8m breið að utanmáli. Hlíð hefur verið í austurenda réttarinnar undan brekkunni. Veggir eru gamallegir og sokknir á bilinu 2-4m breiðir og 10-40sm háir. Tóftin er mjög ógreinileg úr fjarska og sést nánast ekki fyrr en komið er að henni.



Bólstaðarhlíð - 50

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur (ruddur vegur)

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Ofan við Höfðabrekkur heita Brúnir – þar fyrir ofan er votur flói en vestast næst Bæjarhnjúk eru melar. Fyrir löngu síðan hefir verið ruddur vegur upp Höfðabrekkur alla leið upp á brúnir, en þar kemur beygja á hann til vesturs upp á melana.“ (KG: 7).

Lýsing

Vegurinn er algróinn en heillegur á köflum um 3m breiður og sker sig inní brekkuna. Víða hefur landið þó skriðið fram og inná veginn svo ekki er nema mjó ræma eftir af honum og á nokkrum stöðum hafa skriður eða vatnsgangur nagað veginn alveg í sundur. Hvort vegurinn hefur upphaflega verið ruddur með handverkfærum er óljóst en mjög líklega hefur honum í það minnsta síðar verið haldið við með vélum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Ofarlega í Höfðabrekkum liggur lág frá veginum og upp að brún er heitir: Prestlág“ (ÖBH: 2-3). Ekkert nafn virðist vera á veginum.

Bólstaðarhlíð - 51

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Austan við melana [ofan við Höfðabrekkur, upp á Brúnum] byggði faðir minn fjárhús fyrir 100 fjár [...].“ (KG: 7).

Lýsing

Tóftirnar standa á þurru smápýfðum bletti í brekku sem hallar til austurs, um hverfis tóftina er deiglent. Lítið sér eftir af þessum húsum enda voru þau rifin á sínum tíma. Þó má sjá móta fyrir veggjum og að því er virðist tveimur gördum. Tóftin snýr austur vestur og hafa dyr verið til austurs. er 5-30sm og eru veggirnir smápýfðir og rofnir á köflum. Umhverfis tóftina að norðan, vestan og sunnan hefur verið grafinn skurður og annar stærri skurður myndar 90° horn skammt ofan við tóftina og hefur þeim verið ætlað þurrka upp hússtaðið að veita vatni frá.

Aðrar upplýsingar

Ástæðuna fyrir staðarvalinu segir Klemens að faðir hans „[...] hugsaði að þar mundi ekki verða eins pestarhætt eins og heima í fjallinu – því fé hans hrundi niður úr bráðapest og á einum vetri misti hann 100 kindur úr pestinni – [...]“. (KG: 7). Enn segir Klemens: „Faðir minn gróf skurð í kringum fjárhúsin til þess að þurrka upp hússtaðið. Eigi notaði hann lengi



fjárhúsin á Brúnunum því féð dó þar úr pestinni eins og heima. Reif hann því þessi hús eftir fá ár.“ (KG: 7).

Bólstaðarhlíð - 52

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur/Skurður

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Austan við melana [ofan við Höfðabrekkur, upp á Brúnum] byggði faðir minn fjárhús fyrir 100 fjár [...] Faðir minn gróf skurð í kringum fjárhúsin til þess að þurrka upp hússtæðið.“ (KG: 7).

Lýsing

Umhverfis fjárhústóftina (nr. 51) er handgrafinn skurður að norðan, vestan og sunnan. Skurðurinn er um 60sm djúpur og 1,5m breiður, annar stærri skurður er ofan við og myndar 90° horn skammt ofan við tóftina og hefur verið ætlað að veita vatni frá tóftinni.

Bólstaðarhlíð - 53

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur/Skurður

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Austan við melana [ofan við Höfðabrekkur, upp á Brúnum] byggði faðir minn fjárhús fyrir 100 fjár [...] Faðir minn gróf skurð í kringum fjárhúsin til þess að þurrka upp hússtæðið.“ (KG: 7).

Lýsing

Umhverfis fjárhústóftina (nr. 51) er handgrafinn skurður (nr. 52) og annar stærri skurður er ofan. Hann myndar 90° horn skammt ofan við tóftina og hefur verið ætlað að veita vatni frá tóftinni. Skurðurinn liggur ár 65m kafla norðan við tóftina, norðaustur-suðvestur, hann beygir svo í 90°horn eins og fyrr segir ofan við tóftina og liggur 75m til suðausturs. Skurðurinn er á bilinu 0,2-1m djúpur, dýpstur efst í horninu .

Hlíðarsel/Fellssel



Mynd 15, horft til norðurs (NNA) heim að Hlíðarseli öðru nafni Fellsseli, tóftir þess sjást fyrir miðri mynd, bæjartóft og fjárhús uppá stalli og eldri minjar fyrir neðan. Hlíðará rennur vestan við bæjarstæðið og Flosaskarðslækur sunnan við.

Bólstaðarhlíð - 54

Sérheiti: Hlíðarsel/Fellssel

Hlutverk: Híbýli/Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Hlíðarsel er undir Þverfelli við mynni vestanverðs Flosaskarðs, norðan Flosaskarðslækjar og austan Hlíðarár.

Lýsing

Umfangsmestu tóftirnar eru uppá nokkuð háum stalli um 60m austan Hlíðarár. Syðst virðist vera rétt eða einhverskonar aðhald (nr. 55) sambyggt við bæjartóftina (nr. 54). Leifar bæjarins eru á um 17x17m svæði, tóftirnar eru illa farnar og óljósar. Austast er líkt og grjóthlaðinn kjallari um 3x2,3m að innanmáli með dyr syðst á austurvegg. Að norðan virðist vera niðurgrafin tóft 2x3m að innanmáli opin til vesturs. Innra fyrirkomulag sjálfs bæjarins er afar illgreinanlegt, þó sér móta fyrir veggbrúnum að vestan og sunnan, um 5-10sm háum og innan þeirra a.m.k. tvær grunnar lægðir. Sú vestari um 2,2x1,8m að innanmáli og sú austari 3x2,4m, nyrst ofan við niðurgröfna tóftina eru einnig óljósar veggbrúnir sem mynda um 5m langt hólfi (A-V) og rúmlega 2m breytt opið til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Á Hlíðarseli var búið mestan hluta 19. aldar (HG: 299). Fyrir það hefur verið selstaða á þessum stað en óvíst hve lengi.



Bólstaðarhlíð - 55

Hlutverk: Óþekkt/rétt

Tegund: Tóft/Garðlag

Staðhættir

Hlíðarsel er undir þverfelli við mynni vestanverðs Flosaskarðs, norðan Flosaskarðslækjar og austan Hlíðarár.

Lýsing

Sunnan við bæjartóftina á Hlíðarseli (nr. 55) virðist vera rétt eða einhverskonar aðhald sem hefur verið byggt upp að bænum. Þessi meinta rétt er í nokkrum halla til suðurs undan hólnum. Að sunnan og austan er greinilegur veggur/garðlag, 30-70sm hátt og 1-2m breitt. Smá veggstubbur kemur á móti vesturenda garðlagsins uppi í brekkunni við bæjartóftina. Réttin hefur verið um 6,5x4,5m að innanmáli og hlið til vesturs.

Bólstaðarhlíð - 56**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Fjárhús**Staðhættir**

Fast norðan við bæjartóftina á Hlíðarseli eru umfangsmiklar fjárhústóftir.

Lýsing

Tóftin er 20x13m að utanmáli og liggur nálega norður suður. Innra fyrirkomulag er óljóst og erfitt að greina hugsanlegt hrun frá raunverulegum veggjum eða görðum, þó virðist mega gera ráð fyrir a.m.k. tveimur görðum í þessum húsum, hugsanlega með einhölukró að norðan. Torfstafnar hafa verið á húsinu frekar en þilstafnar og dyr til vesturs en hlaða eða hlöður að austan.

Bólstaðarhlíð - 57**Hlutverk:** Óþekkt/Kvíar**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Niðri á gömlum árbakka Hlíðarar um 30m neðan (norðvestan) við bæjartóftina á Hlíðarseli er tóft að því er virðist í tveimur hlutum og gata á milli þeirra.

Lýsing

Tóftin virðist hafa rofnað í tvennt vegna götu sem liggur í gegnum hana. Syðri hlutinn er 5m breiður og 6m langur að utanmáli og 1,3x2 að innanmáli opin til norðausturs. Veggir 30-40sm háir og grasi grónir en hafa eyðst eða rofnað til norðausturs. Norðaustan við kemur hinn hlutinn 2,5m norðaustar, 5m breiður og 6m langur, 2x5m að innanmáli með eydda vegg og op til suðvesturs. Veggir norðurhlutans eru heldur lægri 20-50sm háir og fara undir yngri tóft (nr. 59) að norðaustan. Upphaflega virðist þessi tóft hafa verið a.m.k. 14m löng og 5m breið, hugsanlega leifar kvía.

Bólstaðarhlíð - 58**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Niðri á gömlum árbakka Hlíðarar um 30m neðan (norðvestan) við bæjartóftina á Hlíðarseli. Önnur tóftin að sunnan liggur að því er virðist að hluta til ofan á syðstu tóftinni (nr. 57).

Lýsing

Tóftin snýr suðvestur-norðaustur 7m löng og 5m breið, dyr hafa verið nyrst á norðvesturvegg, og virðist hafa verið gengið niður í tóftina, einhverskonar bekkur eða stallur gæti hafa verið meðfram endilöngum suðausturveggnum. Mun meira grjót er í þessari tóft en tóftunum sunnan og norðan við.

Bólstaðarhlíð - 59**Hlutverk:** Óþekkt/Rétt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Niðri á gömlum árbakka Hlíðarar um 30m neðan (norðvestan) við bæjartóftina á Hlíðarseli. Þriðja tóftin af fjórum talið að sunnan.

Lýsing

Tóftin stendur heldur lægra en tóftirnar sunnan við (nr. 57 og 58). Hún er 9m löng og mest um 5,5m að breidd, snýr eins og hinar norðaustur-suðvestur og er opin til suðvesturs, innanmál 6,5x1,8m. Veggir eru 1-2m breiðir og um 50sm háir. Tóftin virðist fara að hluta undir tóftina sunnan við (nr. 58).

Bólstaðarhlíð - 60

Hlutverk: Óþekkt/Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Niðri á gömlum árbakka Hlíðarár um 30m neðan (norðvestan) við bæjartóftina á Hlíðarseli, nyrsta tóftin af fjórum sem eru í röð eftir gömlum árbakka Hlíðarár.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur suðvestur með meiri stefnu í austur-vestur en hinar tóftirnar á bakkanum. Brotið hefur af suðvesturhorni hennar og óvíst nema hún hafi verið nokkuð lengri í upphafi. Það sem eftir er af tóftinni er 11x5m að utanmáli en innanmálið er 10x1,2-1,8m. Tóftin er algróin og veggir á bilinu 30-50sm háir. Hugsanlega eru þetta leifar kvía.

Óstaðsettar minjar í landi Bólstaðarhlíðar**Bólstaðarhlíð - 62**

Hlutverk: Rétt (a)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Fjarréttin var við túngarðinn. Þrjár fjárréttir byggði faðir minn. Tvær fyrir utan túnið og eina syðst á Undirbakka.“ (KG: 24). Ekki er ljóst hvar fyrri réttirnar tvær hafa staðið

Lýsing

Engin þeirra þriggja fjárrétta sem Klemens minnst á hér var skráð á vettvangi. Einu hugsanlegu réttarminjarnar sem voru skráðar voru óljósar minjar (nr. 29) innan túns sunnan við hlöðubraggann sem nú stendur neðan vegar í túnjaðrinum að norðaustan.

Bólstaðarhlíð - 63

Hlutverk: Rétt (a)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Fjarréttin var við túngarðinn. Þrjár fjárréttir byggði faðir minn. Tvær fyrir utan túnið og eina syðst á Undirbakka.“ (KG: 24). Ekki er ljóst hvar fyrri réttirnar tvær hafa staðið

Lýsing

Engin þeirra þriggja fjárrétta sem Klemens minnst á hér var skráð á vettvangi. Einu hugsanlegu réttarminjarnar sem voru skráðar voru óljósar minjar (nr. 29) innan túns sunnan við hlöðubraggann sem nú stendur neðan vegar í túnjaðrinum að norðaustan.

Bólstaðarhlíð - 64**Hlutverk:** Rétt (a)**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Fjarréttin var við túngarðinn. Þrjár fjárréttir byggði faðir minn. Tvær fyrir utan túnið og eina syðst á Undirbakka.“ (KG: 24).

Lýsing

Engar réttarleifar fundust syðst á undirbakka

Bólstaðarhlíð - 65**Sérheiti:** Tæpagata**Hlutverk:** leið**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Úr Tröllaskarði liggur gata þvert yfir hnjúkinn, er heitir: Tæpagata. Liggur hún út í svokallaða Tröllaskál, sem liggur uppaf Skógarhlíð.“ (ÖBH: 2).

Lýsing

Þessi gata var ekki skoðuð á vettvangi.

Bólstaðarhlíð - 66**Sérheiti:** Byrgismelur**Hlutverk:** Smalabyrgi**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Ofan við flóann kallast Hlíð. Sunnarlega í henni er Byrgismelur.“ (ÖBH: 3). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Utan við þessi hús [fjárhúsin á Brúnunum] tók við fögur hlíð er heitir Fjallshlíð. – Þar er hrís og kvistlendi og mjög gott beitiland. Í miðri hlíð má enn sjá rústir af smalabyrgi“ (KG: 8).

Lýsing

Rústir þessa smalabyrgis fundust ekki á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni sjást leifar smalabyrgisins enn (munnl. heimild 8.9.2009).

Bólstaðarhlíð - 67**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild (Steinn a)**Staðhættir**

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar frá árinu 1890 segir: „Milli Bólstaðarhlíðar og Þverárdals ráða merkjum 3 steinar er standa í röð merktir L.M. yst á Dældarbrúnum þaðan rétt stefna fram Dældabrúnir í stóran stein merktan L.M. vestan í Þverárdalshöfða (Miðaftanshól) og þaðan bein stefna eftir vörðum í „Miðlæk þann, er fellur ofaní Votahvamm“ og þaðan í Hlíðará. [...] Engin ítök hafa aðrar jarðir í landi Bólstaðarhlíðar, en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður að Svartá“ (GK: 1-2).

Lýsing

Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2009.

Bólstaðarhlíð - 68

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (Steinn b)

Staðhættir

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar frá árinu 1890 segir: „Milli Bólstaðarhlíðar og Þverárdals ráða merkjum 3 steinar er standa í röð merktir L.M. yst á Dældarbrúnum þaðan rétt stefna fram Dældabrúnir í stóran stein merktan L.M. vestan í Þverárdalshöfða (Miðaftanshól) og þaðan bein stefna eftir vörðum í „Miðlæk þann, er fellur ofaní Votahvamm“ og þaðan í Hlíðará. [...] Engin ítök hafa aðrar jarðir í landi Bólstaðarhlíðar, en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður að Svartá“ (GK: 1-2).

Lýsing

Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2009.

Bólstaðarhlíð - 69

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (Steinn c)

Staðhættir

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar frá árinu 1890 segir: „Milli Bólstaðarhlíðar og Þverárdals ráða merkjum 3 steinar er standa í röð merktir L.M. yst á Dældarbrúnum þaðan rétt stefna fram Dældabrúnir í stóran stein merktan L.M. vestan í Þverárdalshöfða (Miðaftanshól) og þaðan bein stefna eftir vörðum í „Miðlæk þann, er fellur ofaní Votahvamm“ og þaðan í Hlíðará. [...] Engin ítök hafa aðrar jarðir í landi Bólstaðarhlíðar, en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður að Svartá“ (GK: 1-2).

Lýsing

Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2009.

Bólstaðarhlíð - 70

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Steinn d)

Staðhættir

Samkvæmt uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá frá 1890 á að vera steinn merktur L.M. á merkjum á Þverárdalshöfða öðru nafni Miðaftanshóli (GK: 2).

Lýsing

Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Bólstaðarhlíðar frá árinu 1890 segir: „Milli Bólstaðarhlíðar og Þverárdals ráða merkjum 3 steinar er standa í röð merktir L.M. yst á Dældarbrúnum þaðan rétt stefna fram Dældabrúnir í stóran stein merktan L.M. vestan í Þverárdalshöfða (Miðaftanshól) og þaðan bein stefna eftir vörðum í „Miðlæk þann, er fellur ofaní Votahvamm“ og þaðan í Hlíðará. [...] Engin ítök hafa aðrar jarðir í landi Bólstaðarhlíðar, en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður að Svartá“ (GK: 1-2).

Þjóðsögur í landi Bólstaðarhlíðar

Bólstaðarhlíð - 71

Hlutverk: Leiði

Tegund: Þjóðsaga

Staðhættir

Í örnefnaskrá Bólstaðarhlíðar segir: „Ofan við bæinn sést garður er myndar stóran hring er kallast Lögrétta.“ (ÖBH: 1). Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Norðan í Lögréttuhringnum kemur fram þúfa sem mér var sagt að væri leiði mikils sveitarhöfðingja er hafði stýrt fundum á vorþingum þessarar lögrétta.“ (KG: 10).

Lýsing

Flötin innan Lögrétta er nú slétt og ekki um aðrar þúfur að ræða en veggstubbana sem virðast vera á hornum lögréttunnar á fimm stöðum. Enginn þeirra getur þó talist líklegur haugur eða leiði.

Aðrar upplýsingar

Við þetta bætir Klemens: „Eigi veit ég nafn þessa manns. En á fundi Nýelssona er haldinn var í Bólstaðarhlíð 20. júní 1971 fullyrti einn miðillinn að þarna hefði verið þingstaður í fornöld.“ (KG: 10).

Bólstaðarhlíð - 72

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðsaga

Staðhættir og lýsing

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir um Hrafnakletta í Bólstaðarhlíðarfjalli: „Hrafnaklettar. Til að sjá eru þessir klettar líkir bæ með þremur burstum og einni smáburst austast. Sumir hugsa að þarna búi huldufólk. Í gamla daga heyrði ég stundum talað um, að í þessum klettum sæist stundum ljós eins og í glugga á dimmum vetrarkvöldum.“ (KG: 17).

Bólstaðarhlíð - 73

Hlutverk: Nautabú/fjós

Tegund: Munnmæli

Staðhættir og lýsing

Í grein Margeirs Jónssonar „Ævarsskarð hið forna“ segir: „Gömul munnmæli segja svo frá, að nautabú Hlíðar-bóndans hafi í fornöld verið þar sem [bærinn] Fjós er nú. Síðar hafi þar orðið sjerstök jörð. Vel getur þetta verið rjett, því þangað eru aðeins þrjár stuttar bæjarleiðir frá Bólstaðarhlíð, og fornir stórbændur höfðu geldneytahús sín stundum allfjarri bænum [...]“ (MJ: 35).

Aðrar upplýsingar

Engin rituð heimild virðist vera fyrir því að bærinn Fjós hafi verið útbú (nautabú) frá Bólstaðarhlíð.

Saga Botnastaða

Botnastaðir eru ysti bær í Svartárdal og er bæjarstæðið í nokkrum halla niðurundan þjóðveginum þar sem hann liggur upp Bólstaðarhlíðarbrekku, en komið er að jörðinni um Svartárdalsveg. Húnaver er sjálfstæður jarðarpartur suðvestast við ármót Hlíðará og Svartár. Hlíðará skilur land Botnastaða og Bólstaðarhlíðar og Þverárdals að norðvestan. Norðurhluti jarðarinnar var um tíma sjálfstæð jörð Kálfárdalur en tilheyrði lengi Bólstaðarhlíð. Merki Kálfárdals og Botnastaða voru um Kálfalæk að norðan. Nú tilheyrir allt þetta land Bólstaðarhlíð og eru merki mót Þverárdal um Hlíðará að vestan í gamla Kálfárdalslandinu og Flosaskarðslækur ræður merkjum mót Hlíðarseli (Fellseli) að norðan. Að austan eru merki á móts við Selhaga og að suðaustan og nú aftur í gamla Botnastaðalandi eru merkin á móts við Gil um Rjúpnagilslæk. Að suðvestan skilur Svartá lönd Botnastaða og Skeggsstaða. Engjastykki, svokallað Hlíðarpartur, neðan við Botnastaðabæ og niður að Svartá tilheyrði áður Bólstaðarhlíð en er nú felld undir Botnastaði aftur.⁵⁹

Nafn jarðarinnar Botnastaðir er ýmist sagt dregið af náttúrufyrirbærum í landareigninni, Húsabotni og Bæjarbotni (einu nafni Botnunum) eða talið afbökun á upprunalegra nafni: Bottastaðir dregið af Botti eða Bóti sem sé stytting á mannsnafninu Bótólfur.⁶⁰ Bæði nöfnin Bottastaðir og Botnastaðir koma fyrir í gömlum heimildum.

Í jarðatali frá 1686 eru Botnastaðir sögð til helminga í bænda- og kirkjueign, metin á 23 hundruð og 80 álnir. Kúgildi eru sögð sex og landskuld eitt hundruð og 20 álnir. Í afriti jarðtalsins með breytingum frá 1696 er jörðin talin tilheyra Bólstaðarhlíð metin á 20 hundruð, kúgildi eru þá orðin 8 og landskuld eitthundrað og 20 álnir.⁶¹

Í jarðabók frá árinu 1708 er nafn jarðarinnar ritað *Bottastader* en sagt kallað *Botnastader* af almenningi. Jörðin var þá metin á 20 hundruð og skyldi tíundast í tveimur tíundum. Jörðin var í eigu Bólstaðarhlíðarkirkju en einn ábúandi var á jörðinni, landskuld var óviss og leigukúgildi ekkert það ár, en talið hafa verið á milli fimm og sjö áður og hafa borgast í smjöri. Engar kvaðir voru á jörðinni.⁶²

Áhöfn jarðarinnar var árið 1708 þrjár kýr, eitt gamalt naut, 70 ær, 13 veturgamlir sauðir, 40 lömb, sex hestar og eitt hross. Samkvæmt mati átti jörðin að geta fódrað tvær kýr, 30 ær, 20 lömb, en sauðfé umfram það og hestum sagt vogað á útigang.⁶³

Torfrista í landi Botnastaða var sögð mjög lök, en stunga bjargleg. Engið var í hættu vegna jarðfalla og smálækja úr brattlendinu sem báru grjót, leir og sand í slægjulandið til stórskaða. Vatnsbólið var slæmt og brást bæði vetur og sumar og var erfitt að afla vatns í Svartá eða Hlíðará og varð þá að þýða vatn úr snjó fyrir kvikfé. Jörðin átti rétt til upprekstrar á afrétt.⁶⁴

⁵⁹ Sbr. Landamerkjaskrá Botnastaða og Kálfárdals frá 1890 í uppskrift Klemens Guðmundssonar í Klemens Guðmundsson [án ártals], bls. 39-40 og 49-50.

⁶⁰ Klemens Guðmundsson, 43; Finnur Jónsson (1924), bls. 3.

⁶¹ Björn Lárusson. (1967), bls. 237.

⁶² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 380-381.

⁶³ Sama heimild, bls. 381.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 381.

Í sóknalýsingu frá árinu 1842 segir m.a. „Botnastaðir, 20 hndr. að dýrleika, landgóðir til fjalls, en lítill heyskapur. [...]“.⁶⁵

Í jarðatali frá árinu 1847 eru Botnastaðir í eigu kirkjunnar á Bólstaðarhlíð metin á 20 hundruð, landskuld 1 hundruð og kúgildi 4, og einn leigjandi að jörðinni. Í neðanmálgrein er þess getið að hreppstjóri telji kúgildin 3 á jörðinni og landskuld 96 álnir.⁶⁶

Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 eru Botnastaðir sagðir metnir á 20 hundruð að fornu mati en 19,7 að nýju.⁶⁷

Í hreppa og bæjalýsingu frá í *Húnaþingi II* segir um Botnastaði:

„Á jörðinni hefur ekki verið búið síðan 1956, en eigandinn lánað nýttar, oftast húsverðinum í Húnaveri. Landið liggur að Hlíðará að sunnan um Hreppa í Ógöng og fram Flatafjall, nyrzta hluta Svartárdalsfjalls. Austan Ógangna er eyðibýlið Kálfárdalur, sem var í byggð til 1935. Hafa jarðir þessar löngum verið hjáleigur frá Bólstaðarhlíð. [...] Hlíðarrétt, skilarétt úthluta Bólstaðarhlíðarhrepps, stendur á syðri bakka Hlíðarár í krika norðan þjóðvegarins.“⁶⁸

Húnaver:

„Árið 1942 keypti Bólstaðarhlíðarhreppur mestallt land Botnastaða neðan Svartárdalsvegar, alls um 25ha. Var það samfelld flatt mólendi og eyri með Svartá. Á árunum 1952-57 var svo félagsheimilið byggt af hreppnum, kvenfélaginu, ungmennafélaginu og búnaðarfélaginu. Tún var ræktað á Botnastaðamó og íþrótta- og skeiðvöllur gerður á eyrinni. [...]“.⁶⁹

Bólstaður:

„Prestseturshús, byggt á lóð úr Botnastaðalandi árið 1964. Húsið stendur á hólbarði í miðju túninu skammt ofan Svartárdalsvegar. [...]“.⁷⁰

Kálfárdalur

Í jarðabók frá árinu 1708 er nafn jarðarinnar skrifað *Kalfadalur* og sagt hafa verið byggt upp á selstæði frá Bólstaðarhlíð fyrir manna minni „og hefur hvorki fyrr nje síðar verið haldin fyrirvars- eður lögbýlisjörð, heldur talin með heimastaðnum.“⁷¹ Kálfárdalur fór í eyði árið 1935.⁷² Þessi jörð tilheyrir nú Botnastöðum.

Kálfárdalur var sjálfstæð jörð um tíma og skráð sem slík í jarðatali Johnsen frá 1847 og um hana er því fjallað sérstaklega í annarri skýrslu eins og fram hefur komið.

⁶⁵ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 116.

⁶⁶ *Jarðatal á Íslandi*, bls. 240.

⁶⁷ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, bls. 92.

⁶⁸ Pétur Sigurðsson. (1978), bls. 183.

⁶⁹ Pétur Sigurðsson. (1978), bls. 182.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 184.


⁷¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, bls. 382.

⁷² Hjördís Gísladóttir, (1989), bls. 299.

Botnastaðir

Botnastaðatún

stærð 3 ha 4458 m²



Mynd 16, uppmæling af túni og mannvirkjum á Botnastöðum frá fyrri hluta 20. aldar. Áttahorff hefur verið fært til rétts vegar og er upp á kortinu í norðvestur. Tölurnar á myndinni eru númer minjanna í skýrslunni (Botnastaðir – 1 o.s.frv.).



Mynd 17, horft yfir túnið á Botnastöðum, hvítahúsið næst á myndinni er Bólstaður, fjárhús eru þar fyrir ofan og félagsheimilið Húnaver lengra til hægri og Bólstaðarhlíð í fjarska þar á milli.

Botnastaðir - 1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir

Gamla bæjarstæðið á Botnastöðum er uppi á túninu, um 165m suðaustur af íbúðarhúsinu Bólstað, fast norðvestan við gil bæjarlækjarins. Vegslóði liggur frá Svartárdalsvegi upp túnið og að gamla bænum.

Lýsing

Bæjarhóllinn tekur yfir svæði sem er um 30x26m. Bærinn var brenndur á sínum tíma og eru rústir hans því illa farnar og ógreinilegar. Ekki er hægt að átta sig á húsaskipan en víða sér í hleðslubrot, grjót og torf.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var brenndur í kringum 1990.

Botnastaðir - 2

Hlutverk: Óþekkt/peningshús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnt útihús fast við húsið að norðan, en ekki tilgreint hvers eðlis það hús hafi verið.

Lýsing

Þetta hús hefur verið brennt með bænum og sjást engin glögg merki um það, sjá nánar lýsingu á rústum bæjarins (nr. 1).

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar kemur fram að fjósið hafi verið norðarlega í túninu langt frá bænum (KG: 43). Það er þó ekki óhugsandi að fjósið hafi á einhverjum tíma staðið fast við bæinn líkt og var algengt, en í þessu tilfelli gæti einnig verið um hesthúskofa að ræða.



Mynd 18, uppmæling á minjum í gamla túninu á Botnastöðum. Númerin á myndinni eru raðnúmer minjanna í skýrslunni, 1 eru rústir gamla bæjarins o.s.frv. Punktarnir sýna meinta staðsetningu húsa sem nú eru horfin en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, lituðu hringirnir utan um punktana sýna mögulega skekkju í staðsetningu þeirra.

Botnastaðir - 3

Hlutverk: Fjárhús/fjós?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tvö peningshús eru sýnd á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar stutt frá hvert öðru norðvestarlega í gamla túninu á Botnastöðum. Syðri húsin lenda um 20m suðaustan við íbúðarhúsið Bólstað, sé miðað við hvernig túnakortið fellur að loftmynd.

Lýsing

Þarna er í dag garður umhverfis húsið og engin sjáanleg merki um byggingar.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] fjósið og fjárhúsin, sem eru langt frá bænum – en var valinn staður þar vegna þess að þar er aldrei verulega hvasst af neinni átt. En sunnar í túninu er veðrasamt. Sérstaklega af suðvestri – en í norðanátt er aldrei verulega hvasst.“ (KG: 43).

Botnastaðir - 4

Hlutverk: Fjárhús/fjós?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tvö peningshús eru sýnd á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar stutt frá hvert öðru norðvestarlega í gamla túninu á Botnastöðum. Ytri húsin lenda fast suðaustan við íbúðarhúsið Bólstað, sé miðað við hvernig túnakortið fellur að loftmynd.

Lýsing

Þarna er í dag garður umhverfis húsið og engin sjáanleg merki um byggingar.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] fjósið og fjárhúsin, sem eru langt frá bænum – en var valinn staður þar vegna þess að þar er aldrei verulega hvasst af neinni átt. En sunnar í túninu er veðrasamt. Sérstaklega af suðvestri – en í norðanátt er aldrei verulega hvasst.“ (KG: 43).

Botnastaðir - 5

Hlutverk: Fjárhús/fjós?

Tegund: Þúst

Staðhættir

Lýsing

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd peningshús norðvestast í gamla túninu á Botnastöðum. Um 20m norðvestur af íbúðarhúsinu Bólstað er þúst sem kemur ágætlega heim og saman við staðsetningu ystu húsanna á túnakortinu.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] fjósið og fjárhúsin, sem eru langt frá bænum – en var valinn staður þar vegna þess að þar er aldrei verulega hvasst af neinni átt. En sunnar í túninu er veðrasamt. Sérstaklega af suðvestri – en í norðanátt er aldrei verulega hvasst.“ (KG: 43).

Botnastaðir - 6

Hlutverk: Fjárhús/fjós?

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar eru sýnd peningshús í norðausturhorni túnsins.

Lýsing

Nyrst og efst í túninu á Botnastöðum er tóftalegur hóll, ójafn að ofan en engar greinanlegar hleðslur. Hóllinn er grasi gróinn og 40-80sm hærrí en umhverfið, líklega eru þarna leifar umrædds peningshúss sem sýnt er á túnakortinu.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „[...] fjósið og fjárhúsin, sem eru langt frá bænum – en var valinn staður þar vegna þess að þar er aldrei verulega hvasst af neinni átt. En sunnar í túninu er veðrasamt. Sérstaklega af suðvestri – en í norðanátt er aldrei verulega hvasst.“ (KG: 43).

Botnastaðir - 7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýndur matjurtagarður tæpa 30m norðaustur af bænum á Botnastöðum.

Lýsing

Austan við bæjarlækinn um 20m austur af bæjarrústum Botnastaða eru tóftir matjurtagarðsins sem sýndur er á túnakortinu. Garðurinn snýr norðvestur-suðaustur og er um 17,5x14m að ummáli. Efst undir brekkunni er um 70sm hár hlaðinn bakki en heldur lægri garðar með hliðunum og bakki neðst. Inní garðinum er afmarkað beð í suðurhorni 6x5m að innanmáli, en fyrirkomulagið óljóst að öðru leyti.

Botnastaðir - 8

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýnd braut (heimreið) til norðausturs heim að bænum, með smá beygju til norðurs uppá hlaðið.

Lýsing

Vegslóði liggur frá Svartárdalsvegi upp að rústum bæjarins líklega á sama stað og heimreiðin hefur verið áður, engar traðir eða götur eru sýnilegar.

Botnastaðir - 9

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar er sýndur túngarður umhverfis allt túnið á Botnastöðum.

Lýsing

Túngarðurinn sést mjög greinilega að norðan þar sem hann liggur upp brekkuna um 40m ofan (NA) við Bólstað og áfram upp brekkuna um 100m upp í norðurhorn, þar hverfur hann en um 30m austar sést hann aftur óljós og þýfður á um 40m kafla þar sem hann fer aftur að halla

niður brekkuna með stefnu á matjurtagarðinn (nr. 7). Garðurinn er 10-130sm hár og 1,2-4m breiður, geinilegastur norðvestan við túnið en ógreinilegur og þýfður að norðaustan.

Aðrar upplýsingar

Miðað við túnakortið virðist hafa verið hlaðinn torfgarður umhverfis allt túnið, en hann sést nú aðeins á ofangreindum tveimur köflum að norðanverðu.

Botnastaðir - 10

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Beðasléttur sjást enn í túninu vestan við gamla bæjarstæðið miðja vegin milli þess og Bólstaðar.

Lýsing

Alls sjást þarna fimm sléttur tvær um 30m langar og 7m breiðar örlítið ofar en beint á milli gamla bæjarstæðisins og Bólstaðar og hinar fast neðan við hinar fyrr og heldur austar. Þær neðri eru að minnsta kosti þrjár, 35-40m langar og 7-10m breiðar.

Botnastaðir - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er í túninu á Botnastöðum, um 60m austan við húsið Bólstað.

Lýsing

Hún er næsta hringlaga tæplega 10m í þvermál, með lágum kanti að utan sem er mest um 40sm hár. Dæld er í miðri tóftinni um 20sm djúp og um 5m í þvermál.

Botnastaðir - 12

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er um 10m ofan við norður hornið á túninu á Botnastöðum.

Lýsing

Tóftin er 11x6m að utanmáli og liggur suðvestur-norðaustur. Um er að ræða lítið garðahús með hlöðu. Krærnar eru 4m langar og um 70sm breiðar, en garðinn um 80sm breiður, innangengt virðist hafa verið af honum inni hlöðuna sem er 2,5x1,5m að innanmáli. Framhlið hússins er óvenjuleg og virðist gaflinn hafa verið heill torfveggur en dyr hugsanlega verið út til hliðanna upp við gaflinn annað hvort eða bæði til norðurs og suðurs. Tóftin sker sig lítt úr umhverfinu og er fremur gamalleg.



Botnastaðir - 13

Hlutverk: Óþekkt/stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tóftin er um 60m norður af gamla bæjarstæðinu á Botnastöðum og virðist hafa verið rétt utan túngarðs.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur nálega suðvestur-norðaustur, alls um 14x9m að ummáli. Neðri hluti tóftarinnar er stærri eða um 3x6,5m að innanmáli, opin til suðvesturs og hugsanlega með hlið í norðausturhorni inni minna hólfið. Minna hólfið er 5m langt og 1.5m breitt og virðist hlið hafa verið á því til norðurs upp brekkuna ofan við norðausturvegg stærra hólfsins. Veggir eru 1,3-2m breiðir, 30-60sm háir og grasi grónir.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um að ræða stekk með rétt og lambakró upp í brekkunni.



Botnastaðir - 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Dældin er um 65m norður af gamla bæjarstæðinu á Botnastöðum milli tófta nr. 13 og 15.

Lýsing

Dældin er um 10-30sm djúp 2,3x8m og snýr suðvestur-norðaustur upp í brekkuna. Neðan við hana sér á kafla móta fyrir hugsanlegri hleðslu og eru kantar út frá henni til beggja hliða og mynda þeir afar óljósa um 10sm háa, 1-2,5m breiða vegg umhverfis dældina að suðvestan. Dældin og umhverfi hennar er gróið grasi, mosa og ljónslöpp og sker dældin því lítt úr.

Botnastaðir - 15

Hlutverk: Óþekkt/matjurtagarður/stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er um 60m norður af gamla bæjarstæðinu á Botnastöðum og virðist hafa verið rétt utan túngarðs.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur norðvestur-suðaustur, alls um 14x8m að ummáli. Að suðaustan er stórt ferhyrnt hólfið, 5,5m á kant að innanmáli með engar augljósar dyr eða hlið. Norðvestan við í framhaldi af suðvesturveggnum er lítið hólfið eða tóft, 4,5m langt og um 1m breitt, með greinilega vegg allstaðar nema að norðaustan þar sem virðist vera grafinn kantur inni brekkuna. Veggir eru á bilinu 120-150sm breiðir og 10-50sm háir, þeir eru grónir grasi, mosa og ljónslöpp og skera sig lítið úr gróðurfarslega. **Aðrar upplýsingar**

Hugsanlega er hér um að ræða matjurtagarð og litla geymslu eða einfaldlega stekk, stóra rétt og lambakró að norðvestan.

Botnastaðir - 16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Vegur

Staðhættir

Vegsneiðingur er í túninu á Botnastöðum um 16m ofan við bæjarrústirnar (nr. 1).

Lýsing

Vegurinn er um 130sm breiður og sést vel á kafla í túninu ofan við bæinn. Vegurinn liggur frá bæjarlækjargilinu gegnt matjurtagarðinum (nr. 7), til norðvesturs eftir túninu á um 70m kafla.

Botnastaðir - 17

Hlutverk: Óþekkt/Matjurtagarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 50m suðaustur af bæjarrústum Botnastaða eru leifar hugsanlegs matjurtagarðs.

Lýsing

Hinn meinti matjurtagarður snýr suðvestur-norðaustur upp í brekkuna, um 16x10m í ummál. Nokkuð stæðileg garðlög eru að norðvestan, norðaustan og suðaustan en óljóst að suðvestan. Garðurinn er í nokkrum halla og virðist hafa verið í tveimur stöllum sá efri, 6,5x7m að innanmáli og sá neðri óljósari. Veggir eru um 1,6-2,5m breiðir og 40-60sm háir, þeir falla vel inni umhverfið, grónir grasi, mosa, elftingu og öðrum votlendisgróðri.



Botnastaðir - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæpa 8m suðaustur af meintum matjurtagarði nr. 17. er lítil tóft sem virðist geta verið samtíða garðinum.

Lýsing

Tóftin er 8,5x5,5m að ummáli og snýr eins og garðurinn suðvestur-norðaustur upp í brekkuna. Útveggir eru um 60sm háir og nokkuð greinilegir en að innan sjást veggbrúnir allstaðar nema til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og 1,5-2,5m breiðir þar sem þeir sjást. Tóftin er öll gróin grasi, mosa og lyngi og fellur vel inni umhverfið.

Botnastaðir - 19

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlög

Staðhættir

Syðst í landi Botnastaða er svonefndur Hlíðarpartur sem áður til heyrði Bólstaðarhlíð og var engi þaðan.

Lýsing

Garðlög sjást á um 200m kafla neðan vegar og einnig má greina hrygg í túninu ofan við veginn á a.m.k. einum stað. Garðarnir neðan við veginn eru greinilegir, um 50sm háir og 80sm breiðir, alls um 210m af gördum. Óljós hryggur er ofan vegar í túninu 10-20sm hár og 130sm breiður.

Aðrar upplýsingar

Engjastykki, svokallað Hlíðarpartur, neðan við Botnastaðabæ og niður að Svartá tilheyrði áður Bólstaðarhlíð en er nú felld undir Botnastaði aftur (sbr. Landamerkjaskrá Botnastaða frá 1890).

Botnastaðir - 20

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Kolbeini Erlendssyni var hesthús niður á Botnastaðamó, við skógræktina þar sem nú standa tveir skúrar sem hýsa snyrtingu fyrir tjaldstæðið (munnl. heimild 8.9.2009).

Lýsing

Ekkert sér nú eftir af þessum hesthúsum.

Botnastaðir - 21

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir


Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Pottklif heitir hár melhryggur er gengur fram að ánni – Vestanvert við það er grasigróinn stallur á móti Réttarnesi er heitir Stekkjarnes. Þar eru einhverjar gamlar húsarústir – í skjóli undir brattri brekku á klifinu.“ (GK: 44). Í hvamminum eru að minnsta kosti fjórar tóftir, sú syðsta er tvískipt stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er alls um 14x10m í ummál og snýr suðvestur norðaustur. Réttin er að norðaustan, 5,3x4m að innanmáli með hlið inn á suðvesturhorni. Lambakróin er snýr þvert á réttina og er fyrir miðjum suðurvegg hennar. Hún er 3,5x2m að innanmáli og ekkert greinilegt hlið er inni hana. Veggir réttarinnar eru mest um 90sm háir og víðast um 2m breiðir, lambakróin stendur



hærra og er með mjórri og lægri vegg, 30-40sm háa og 1-1,5m breiða. Tóftin er öll grasi gróin og gróskumeiri en umhverfið.



Botnastaðir - 22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðvestan við greinilegustu stekkjartóftina (nr. 21) er hringlaga tóft á svolítilli upphækkun.

Lýsing

Tóftin er um 7,5m í þvermál og dæld í miðju, um 30m í þvermál. Veggir eru 20-40sm háir, grónir grasi, mosa og ljónslöpp og falla ágætlega inni umhverfið.

Botnastaðir - 23

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 8m norðan við stekkjartóftina nr. 21 er önnur minni stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin mest um 8x8,5m í ummál og snýr nálega norður-suður. Réttin er norðan við 3x2,5m að innanmáli með hlið til austurs og aðrekstrargarður eða bakki í framhaldi af norðurveggnum til austurs. Lambakróin er 1,8x2m að innanmáli og engar greinilegar dyr eða hlið á henni. Veggir eru 40-60sm háir og 80-180sm breiðir, grónir grasi, mosa og ljónslöpp og falla ágætlega inni umhverfið.

Botnastaðir - 24**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tæplega 3m vestan við stekkjartóftina (nr. 23) og annað eins norðaustur af tóft nr. 22 er önnur tóft.

Lýsing

Ágætlega greinileg tóft er syðst, um 5x6m á kant með rúnnuð horn, næsta hringlaga. Veggir 20-40sm háir, grónir grasi, mosa og ljónslöpp. Í framhaldi af þessari tóft eru óljós veggjalög til norðausturs, sem mynda líkt og aflanga tóft, 6x3m að innanmáli. Veggirnir eru mjög óljósir um 5-10sm háir víðast og falla vel inni umhverfið.



Mynd 19, horft til norðurs eftir Hliðará yfir Stekkjarnes í landi Botnastaða.

Óstaðsettar minjar í landi Botnastaða

Botnastaðir - 25

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Hlíðarrétt stendur nú á melnum norðan við flötinn [Hofmannaflöt] – Hún var byggð þarna, en Mjóadalsrétt var lögð niður – Vestan við réttina er djúpur hvammur. Þar er sjáanlega gamall brúarstöpull.“ (GK: 44).

Lýsing

Brúarstöpullinn var ekki skoðaður á vettvangi.

Botnastaðir - 26

Sérheiti: Botnastaðasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Botnastaða segir: „Austur á fjallinu [Flatafjalli] dældardrög frá NV til SA, þar dældardrag, Selskarð. Niður af því Botnastaðasel.“ (ÖJI: 1).

Lýsing

Tóftir þessa sels fundust ekki á vettvangi sumarið 2006.

Aðrar upplýsingar

Í handriti Klemens Guðmundssonar segir: „Ofan við Flatafjall myndast skarð í fjallið beint á móti Kálfárdal – Heitir það Selskarð – Norðan við skarðið koma svokallaðar Ógöngubrúnir, er liggja alla leið á Landsenda á móti Þverárdal. [...] Sunnan við Ógöngin vestan við Kálfárdalslæk er svokallaður Botnastaðapartur. Þar var Botnastaðasel til forna, er menn höfðu í seli sem kallað var. Hafa menn þá farið þangað um Selskarð sem fyrr er nefnt. Í Botnastaðaparti er gott haglendi fyrir allar skepnur.“ (KG: 45-46).

Botnastaðir - 27

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild (varða)

Staðhættir

Í uppskrift Klemens Guðmundssonar á landamerkjaskrá Botnastaða frá árinu 1890 segir: „Milli Botnastaða og Gils eru merkin úr miðjum Grenshöfða til norðvesturs yfir lægðina næst höfðanum í stóran stein (þann ytri) á lægðarbarminum. Þaðan í lítinn hól með gömlu vörðubroti suður og austur frá Rjúpnadal.“ (GK: 39).

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009.

Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. Ellefu jarðir voru valdar til skráningar árið 2009, það voru auk Bólstaðarhlíðar og Botnastaða, jarðirnar Stóri-Dalur, Reykir, Auðkúla, Stóra-Giljá, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Jarðirnar Bólstaðarhlíð og Botnastaðir ná í dag yfir lönd tveggja jarða sem taldar eru upp í áður nefndu jarðatali, það eru Skyttudalur og Kálfárdalur, þessar jarðir voru skráðar á vettvangi sumarið 2009 en um þær verður fjallað í sérstakri skýrslu sem kemur út síðar. Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast því við heimalönd Bólstaðarhlíðar og Botnastaða, auk þess sem Hlíðarsel öðru nafni Fellsel var skráð með Bólstaðarhlíð, þar sem sú jörð kemur ekki fyrir í jarðatali Johnsen, þótt þar hafi um tíma verið búið.

Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 100 minjar á jörðunum tveimur og þar af voru 12 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 88 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 65 sýnilegar á yfirborði en 23 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra trausta heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara og í hnitatöflum aftast í skýrslunni eru gefin upp skekkjumörk þar sem það á við. Ekki var hægt að staðsetja 12 minjar sem heimildir voru um, með viðunandi nákvæmni og eru þær taldar upp aftast í fornleifaskrá hvorrar jarðarinnar fyrir sig.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Bólstaðarhlíð	73	21	9	41%
Botnastaðir	27	2	3	19%
Alls	100	23	12	35%

Minjar í landi Bólstaðarhlíðar

Minjar í heimatúni Bólstaðarhlíðar eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld, útihús, stekkir, kvíar og túngarðsleifar auk eldri minja, þar á meðal svonefndrar Lögrétu (nr. 23) sem sumir hafa talið til vitnis um forna þingsetu í Bólstaðarhlíð. Stór hluti minjanna í heimatúninu hefur verið sléttaður út, en sést þó enn sem grunnar dældir eða lág veggjalög í túninu. Kvíunum (nr. 21) og Lögréttunni hefur þó verið hlíft við sléttun og síðasti hlaðni túngarðurinn (nr. 35) stendur enn óhreyfður á kafla meðfram Hlíðará. Þessum minjum stafar þó hætta úr öðrum áttum, Lögréttunni af trjárækt og túngarðinum af Hlíðará.

Utan túns í norðvestur hluta landareignarinnar eru töluverðar leifar frá fleiri en einu tímaskeiði, m.a. forn túngarður og tóftir sem nefndar eru í jarðabók frá 1708. Þá var stekkur á sama stað og garðurinn var talinn líklegur til að vísa á forna byggð á staðnum þótt sagnir þess efnis þekktust ekki. Í dag má sjá stekkjartóft (hugsanlega tvær, nr. 40 og 41) ofan við þjóðveginn á þessum stað og brot af fornum túngarði (nr. 45) og fleiri tóftum neðan vegar (nr. 42-44). Lengra til norðvesturs eru einnig fornar tóftir (nr. 46-47) uppá svonefndum Hólum.

Þá eru leifar gamallar réttar (nr. 49) á Réttarnesi við Hlíðará norður af Bólstaðarhlíð. Þar fyrir ofan í Höfðabrekkum er gamall vegslóði (nr. 50) upp að beitarhúsum (nr. 51) upp á svonefndum Brúnum.

Undir Þverfelli norðan við þar sem Flosaskarðslækur rennur í Hlíðará eru leifar Hlíðarsels eða Fellsels, bæjarleifar (nr. 54), fjárhústóft (nr. 56) og hugsanlega einnig tóftir frá þeim tíma er haft var þar í seli frá Bólstaðarhlíð (nr. 57-60).

Minjarnar voru eins og verða vill í misgóðu ástandi á Bólstaðarhlíð flokkuðust sjö minjar undir það að vera „heillegar“ það eru núverandi kirkja og kirkjugarður sem þrátt fyrir að geta vart talist til fornleifa er hvort tveggja orðið yfir 100 ára og skráð á grundvelli þess. Sjö töldust „vel greinanlegar“, 11 „greinanlegar“ og 17 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Að minnsta kosti sjö minjar í landi Bólstaðarhlíðar geta talist í fyrirsjáanlegri hættu. Eins og áður segir er Lögrétta í mikilli hættu vegna trjáræktar og má gera ráð fyrir að rætur þeirra plantna sem þar eru hafi nú þegar valdið miklum skaða. Þá er túngarðurinn/varnargarðurinn meðfram Hlíðará í hættu af landbroti en til hans var stofnað öðrum þræði til varnar túninu fyrir ánni og þarf því ekki að undra. Auk þessa má nefna óljósa tóft ofan (NV) við túngarðinn og garðlag þar fyrir neðan (SV) hvort tveggja er að hluta innan hestahólfs og hefur nú þegar orðið fyrir skemmdum af völdum átrodninga. Þá eru tvær tóftir á Hlíðarseli við brún gamals árbakka og hefur Hlíðará einhvern tíma brotið hluta af annarri þeirra, þessar minjar eru í hættu af völdum árinna þótt þær liggi ekki undir skemmdum eins og er.

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær getið orðið fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar til kynningar eða rannsókna

Lítið er eftir af minjum í heimatúni sem henta vel til kynningar, nema ef vera skyldi hin meinta Lögrétta. Hún er hins vegar mjög áhugaverð til rannsóknar, þótt ekki væri til annars en aldursgreiningar.

Enn áhugverðara væri að aldursgreina garðlagið undir Miðstekkjjarhlíð og rannsaka tóftir þar í nágrenninu. Það gæti varpað nýju ljósi á byggðasögu og –þróun hennar á svæðinu. Þar kann að vera leita fyrsta bæjarstæðis Bólstaðarhlíðar og e.t.v. er þar bær Ævars landnámsmanns

hins gamla eins og sumir hafa talið. Fornleifarannsókn gæti þó tæpast svarað því hver þar hafi búið eða hvað bærinn kann að hafa heitið en í það minnsta væri hægt að sjá hvort þar hafi verið mannabústaður og hugsanlega um hve langt skeið. Þessi staður hefur þó orðið fyrir miklu raski, þar sem þjóðvegurinn liggur fast fyrir ofan tóftirnar og yfir hluta garðsins og hugsanlega hafa einhverjar tóftir sömuleiðis horfið undir veginn. Það er því ekki hægt að tala um heillega minjaheild sem myndi henta vel til kynningar, þótt staðurinn sé áhugaverður til rannsókna.

Á Hlíðarseli er fallett og þar er gaman að koma, en um nokkuð langan veg er að fara fótgangandi. Ef farið er frá Þverárdal er yfir tvær ár að fara, Þverá og Hlíðará. Þverá má í flestum tilfellum stikla en Hlíðará þarf að vaða. Ef hins vegar er farið beint yfir Flatafjall má sleppa við árnar og þarf þá aðeins að fara yfir Kálfadalsslæk og Flosaskarðslæk sem hvorugur getur talist mikill farartálmi.

Skyttudalur er áhugaverðasta og heillegasta minjaheildin innan landamerkja Bólstaðarhlíðar, þar er bær með öllum tilheyrandi minjum óhreyfðum af vélum. Þar var búið a.m.k. svo snemma sem á 17. öld og fram undir 1930. Um Skyttudal er fjallað í komandi skýrslu af fyrrgreindum ástæðum.

Minjar í landi Botnastaða

Minjar í heimatúni Botnastaða eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld, útihús, matjurtagarður og túngarðsleifar. Stór hluti minjanna í heimatúninu hefur verið sléttaður út eða rutt út við byggingu prestsbústaðarins Bólstaðar (s.s. nr. 3-5). Enn sjást þó dældir og lágir hólar til marks um hvar sum þessara húsa hafa staðið (nr. 5-6). Bærinn sjálfur (nr. 1) var brenndur og leifar hans eftir því óljósar þótt bæjarstæðið sjálft sé mjög greinilegt. Eldri minjar eru ofan túngarðs og austan, m.a. fjárhús að norðan (nr. 12) og hugsanlegir stekkir eða matjurtagarðar austan þeirra (nr. 13-15), austan við túnið er auk matjurtagarðs frá 20. öld (nr. 7) og eldri tóftir (nr. 17-18).

Austast í landareigninni eru leifar áveitugarða (nr. 19) á svonefndum Hlíðarparti sem var engi frá Bólstaðarhlíð.

Norður í Hreppum er Stekkjarnes niður við Hlíðará, þar eru leifar fjögurra tófta (nr. 21-24), þar af a.m.k. tveggja stekkjarnes (nr. 21 og 23).

Minjar í hættu

Minjarnar í heimatúni Botnastaða eru ekki í neinni fyrirsjáanlegri hættu. Einu minjarnar sem hægt er að segja að séu í fyrirsjáanlegri hættu eru áveitugarðarnir á Hlíðarparti austast í landareigninni, en hluti þeirra er við bakka Svartár og í hættu af völdum hennar.

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær getið orðið fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar til kynningar eða rannsókna

Lítið er um áhugaverðar minjar til kynningar heima á sjálfum bænum. Engu að síður eru innan landareignarinnar nokkrir áhugaverðir staðir, þar á meðal áður nefnt Stekkjarnes þar sem eru leifar a.m.k. tveggja stekkja sem bera vott um búskaparhætti fyrri tíma.

Þá var Kálfárdalur sjálfstætt býli, eins og fram hefur komið þótt það tilheyri nú Botnastöðum, þar eru umfangsmiklar minjar bæjar sem byggðist upp á selstæði frá Bólstaðarhlíð svo snemma sem á 17. öld og var í byggð fram á miðjan fjórða áratug 20. aldar. Þar er mikill fjöldi minja í misjöfnu ástandi en með öllu óspilltar af vélum. Þar er að finna er ákaflega heillega minjaheild sem hentar vel til kynningar. Kálfárdal líkt og Skyttudal verða gerð skil í sérstakri skýrslu.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.

DI I - *Íslenskt Fornbréfasafn I*. (1857-76). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

DI II - *Íslenskt Fornbréfasafn II*. (1893). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

DI III - *Íslenskt Fornbréfasafn III*. (1896). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

DI IV - *Íslenskt Fornbréfasafn IV*. (1897). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

DI IX - *Íslenskt Fornbréfasafn IX*. (1909-1913). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

DI V - *Íslenskt Fornbréfasafn V*. (1899-1902). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

DI VII - *Íslenskt Fornbréfasafn VII*. (1903-1907). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

DI X - *Íslenskt Fornbréfasafn XI*. (1914). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

DI XII - *Íslenskt Fornbréfasafn XII*. []. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Finnur Jónsson (1924a). „Nokkur orð um íslensk bæjanöfn“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1924*. Bls. 1-14.

Finnur Jónsson (1924b). „Eftirmáli“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1924*. Bls. 79

Friðlýsingaskrá – Skrá um friðlýstar fornleifar. (1990). Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Hannes Þorsteinsson. (1923). „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1923*. Bls. 1-96.

Hannes Þorsteinsson. (1924a). „Kvittun til dr. Finns Jónssonar“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1924*. Bls. 15-33.

Hannes Þorsteinsson. (1924b). „Annar eftirmáli“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1924*. Bls. 80-81.

Hjördís Gísladóttir. (1989). „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. Í *Húnaþing III*. Bls. 273-342.

Íslendinga sögur. 6. bindi. Húnavetninga sögur I. (1946). Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Útgefandi: J. Johnsen: Kaupmannahöfn.

JÁM VIII - *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*. (1926). Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.

Kirkjur Íslands 8. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II. (2006). Ritstj. Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík.

KK III – Kristian Kálund. (1986). *Íslenskir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Þýð. Haraldur Matthíasson. Örn og Örlygur: Reykjavík.

Margeir Jónsson. (1926). „Ævarsskarð hið forna“. Í *Árbók Fornleifafélags Íslands 1925-1926*. Fornleifafélag Íslands: Reykjavík. Bls. 32-42.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. Aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1861.

Pétur Sigurðsson. (1978). „Bólstaðarhlíðarhreppur“. Í Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson (ritstj). *Húnaþing II*. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga [ofl.]: Akureyri.

Sturlunga III. (1908-1915). Útgefandi: Sig. Kristjánsson: Reykjavík.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I Húnavatnssýsla. (1950). Hið íslenska bókmenntafélag: Akureyri.

Aðrar heimildir

Túnakort

Botnastaðatún. [ártal vantar]. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Bólstaðarhlíðartún. [ártal vantar]. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Örnefnaskrár

ÖB – *Örnefni í Botnastaðalandi*. [ártal vantar]. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖBB – *Botnastaðir í Svartárdal*. [ártal vantar]. Heimildamaður Björn Björnsson. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖBH – *Örnefni í Bólstaðarhlíðarlandi*. [ártal vantar]. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖJI – *Botnastaðir*. [ártal vantar]. Heimildamaður Jónas Illugason. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖPK – *Bólstaðarhlíð*. [ártal vantar]. Þorsteinn Konráðsson skráði, heimildam. Jónas Illugason. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Handrit

KG - Klemens Guðmundsson. Óútgefið handritasafn í eigu Kolbeins Erlendssonar í Bólstaðarhlíð, skrifað um og uppúr 1970.

Netheimildir

Vefur Fasteignamats Ríkisins, www.fmr.is

Vefur Þjóðskjalsafns Íslands, www.manntal.is

Heimildamenn

Kolbeinn Einarsson (f. 1948) og kona hans Sólveig Friðriksdóttir (f. 1952), ábúendur í Bólstaðarhlíð 1.

Fylgiskjöl

Bólstaðarhlíð - Hnitatafla																		
Nr	Fvr. Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hætta vegna	Veggir frá	Veggir til	Gróður	Austun	Norðun	Sk. m
1	11096	Bólstaðarhlíð	hleðsla	grunnur	óþekkt	híbýli	1892	1960+	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,2	gras	462683	558464	
2	11097	Bólstaðarhlíð	heimild	torfbær	híbýli		1800	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462678	558473	10
3	11098	Bólstaðarhlíðarkirkja	kirkja		kirkja		1888		í notkun		engin hætta		0,0	0,0		462676	558414	
4	11099		kirkjugarður		kirkjugarður		1888		í notkun		engin hætta		0,0	0,0	gras	462664	558411	
5	11100	Bólstaðarhlíðarkirkja	heimild	torfkirkja	kirkja		1831	1888	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0	gras	462636	558464	20
6	11101		heimild		kirkjugarður		800	1900	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0	gras	462635	558463	20
7	11102		heimild		óþekkt	skemma	1800	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462657	558482	10
8	11103		heimild		Smíðja		1800	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462661	558479	10
9	11104	Ullareyri	heimild	náttúruminjar	Þurrkunarstaður		1800	1950	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	gras	462860	558454	40
10	11105		heimild		óþekkt	hesthús	1800	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462674	558483	10
11	11106		heimild		óþekkt		1800	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462699	558495	5
12	11107		heimild		matjurtagarður		1900	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462668	558475	10
13	11108		heimild		matjurtagarður		1900	1960	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462690	558463	10
14	11109	Samstæðuhús	tóft	þúst	fjárhús		1900	1950	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,2	0,3	gras	462564	558299	
15	11110		tóft		óþekkt		1800	1950	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,1	0,2	gras	462504	558202	
16	11111	Ysta og neðsta hús	dæld		fjárhús		1800	1950	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,2	gras	462434	558273	
17	11112	Torfhlöðuhús	dæld		fjárhús		1900	1950	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,1	0,2	gras	462487	558330	
18	11113		hóll		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,2	0,7	gras	462517	558368	
19	11114	Grundarhesthús	tóft		Hesthús		800	1950	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	gras	462482	558446	
20	11115		hryggur		óþekkt	túngarður	1800	1900	Illgreinanleg		engin hætta		10,0	20,0	gras	462517	558420	
21	11116		tóft		kvíar		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,8	gras	462519	558528	
22	11117		heimild		matjurtagarður		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462422	558569	40
23	11118	Lögrétta	garðlag		óþekkt	rétt/lögrétta	800	1700	vel greinanleg		mikil hætta	trjáræktar	0,6	1,1	gras	462744	558549	
24	11119		dæld		óþekkt	fjós?	1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,2	gras	462781	558502	
25	11120	Stórihóll	heimild	gróðurskil	öskuhaugur		800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462744	558425	30
26	11121	Litlihóll	heimild		öskuhaugur		800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462720	558447	30
27	11122	Þrælsgerði	heimild		óþekkt		800	1800	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462757	558460	30
28	11123		heimild		Beðasléttur		800	1800	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462807	558608	20
29	11124		hryggur		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	rasks	0,0	0,7		462838	558585	
30	11125		hryggur	holl	óþekkt		1700	1950	illgreinanleg	sléttunar	hætta	rasks	0,3	0,5	gras	462876	558571	
31	11126		heimild		útihús		1800	1900	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0		462885	558640	20
32	11127		heimild		peningshús	hrútakofi	1800	1950	sést ekki	vegagerðar/sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		462846	558658	20
33	11128		heimild		Hesthús		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462678	558634	30
34	11129		heimild		Heimreið		1800	1950	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462533	558490	
35	11130		garðlag		túngarður		1900	1950	vel greinanleg		hætta	landbrots	0,5	1,0		462735	558386	
36	11131		heimild		varnargarður		1883	1916	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		462407	558093	50
37	11132		tóft		óþekkt	rétt + kofi \ stekkur	1300	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,5	gras/mosi/ljónslöpp	462690	558709	
38	11133		heimild	garðlag	túngarður		1800	1950	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	462724	558645	
39	11134		niðurgröftur	skurður	varnarmannvirki	fráveita	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		461529	558643	
40	11135		tóft		óþekkt	rétt +kofi \ stekkur?	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,5		460480	558556	
41	11136		tóft		óþekkt	stekkur	800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,9		460477	558542	
42	11137		tóft		stekkur		1800	1900	greinanleg		hætta	vegagerðar	0,0	5,0	gras	460581	558460	
43	11138		þúst		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,0	0,4		460573	558470	
44	11139		tóft		beitarhús		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,6	gras	460516	558455	
45	11140		garðlag		túngarður		800	1700	greinanleg		engin hætta		0,0	0,6		460489	558436	
46	11141		tóft		óþekkt	beitarhús	1000	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,6	gras/mosi/ljónslöpp	460306	558553	
47	11142		tóft		óþekkt		800	1300	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	gras/mosi/ljónslöpp	460312	558549	
48	11143	Gvendarbrunnur	heimild	uppspretta	vatnsból		800	1950	sést ekki	vegagerðar	engin hætta		0,0	0,0		460777	558482	40
49	11144		tóft		rétt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,4	gras	463494	559433	
50	11145		vegur		leið		1800	1950	Vel greinanlegt		engin hætta		0,0	0,0	gras	463285	559516	
51	11146		tóft		fjárhús		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,3		463128	559741	
52	11147		niðurgröftur	skurður	Framræsla		1800	1900	greinanlegt		engin hætta		0,5	0,6		463126	559741	
53	11148		niðurgröftur	skurður	Framræsla		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	1,0		463121	559747	
54	11149		hóll	hlaðinn kjallari ad A	óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,6	gras	466096	561468	
55	11150		tóft	garðlag	óþekkt	rétt	1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	gras	466094	561457	
56	11314	Hlíðarsel	tóft		fjárhús		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	gras	466106	561484	
57	11315		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4	gras	466059	561483	
58	11316		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	1,0		466067	561490	
59	11317		tóft		óþekkt	rétt	1700	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,0	0,5	gras	466072	561497	
60	11318		tóft		óþekkt	kvíar	1700	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,3	0,5	gras	466074	561505	

Botnastaðir - Hnitatafla

Nr	Fvr. Nr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Hætta vegna	Veggir frá	Veggir til	Gróður	Austun	Norðun	Sk. m
1	11338	Botnastaðir	tóft	bæjarrústir	híþýli		10	19	illgreinanleg	niðurrifs	engin hætta		0,0	0,0	gras	463500	558154	
2	11339		Heimild	peningshús	óþekkt	fjós/fjárhús/hesthús	1800	1950	sÚst ekki	niðurrifs	engin hætta		0,0	0,0		463486	558156	20
3	11340		Heimild		fjárhús	fjós	1800	1950	sÚst ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0		463352	558220	20
4	11341		heimild		fjárhús	fjós	1800	1900	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0		463343	558227	20
5	11342		dæld		fjárhús	fjós	18	19	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	gras	463305	558256	
6	11343		hóll		óþekkt		17	19	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0	gras	463454	558271	
7	11344		tóft		óþekkt	matjurtagarður hugs. meira	18	19	greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	gras	463544	558155	
8	11345		heimild		leið	heimreið	18	20	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		463463	558092	
9	11346		garðlag		túngarður		17	19	vel greinanleg		engin hætta		0,4	1,2	gras	463428	558289	
10	11347		jarðræktarsvæði		beðasléttur		19	20	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	gras	463429	558154	
11	11348		tóft		óþekkt		16	19	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,4		463408	558224	
12	11349		tóft		fjárhús		17	18	greinanleg		engin hætta		0,2	0,6		463480	558318	
13	11350		tóft		óþekkt		17	19	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	gras	463526	558229	
14	11351		dæld		óþekkt		10	17	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,3	gras/mosi/ljónslöpp	463539	558225	
15	11352		tóft		óþekkt	matjurtagarður stekkur	18	19	greinanleg		engin hætta		0,1	0,5	gras/mosi/ljónslöpp	463542	558214	
16	11353		vegur	sneiðingur	leið		18	19	greinanleg		engin hætta		0,3	1,0	gras	463509	558195	
17	11354		garðlag		óþekkt	matjurtagarður	17	18	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	gras/mosi/elfting	463545	558099	
18	11355		tóft		óþekkt		17	18	greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	gras/mosi/lyng	463547	558083	
19	11356		garðlag	hryggur	áveita		19	20	vel greinanleg		hætta	landbrots	0,1	0,5	gras	463644	557449	
20	11357		Heimild		hesthús		1900	1950	sÚst ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0	gras	462889	558396	20
21	11358	Stekkjarnes	tóft		stekkur		18	19	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,9	gras	463492	559495	
22	11359		tóft		óþekkt		80	17	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	gras/mosi/ljónslöpp	463477	559509	
23	11360		tóft		stekkur		18	19	greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	gras/mosi/ljónslöpp	463492	559515	
24	11361		tóft		óþekkt		14	18	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	gras/mosi/ljónslöpp	463482	559517	

Bólstaðarhlíð - Yfirlitskort



Skyttudalur

Þverárdalur

Þverárdalur

Kálfárdalur

Hlíðarsel/Fellssel

Bólstaðarhlíð

Botnastaðir

Bólstaðarhlíð

Bólstaður

Botnastaðir

Húnaver

Skeggstaðir

Ártun

Gil

60
59
58
57

56
54
55

53
52
51

50

49

46
47
40
41
44
45

48
43
42

21
22
34
19
20
18
17
14
16
15
36

37
33
23
12
10
7
8
5
6
3
4

38
32
31
28
29
30
24
11
9
27
13
26
25
35






Svartá

0 50 100 150 200 M

© Byggðasafn Skagfirðinga 2009

Botnastaðir - Yfirlitskort



Skýringar á hnitatöflu

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Rétt er að taka fram að tölurnar sem hér eru gefnar upp um aldur minja eru að jafnaði mat skráningaraðila byggt á ástandi og útliti minjanna. Sumstaðar eru þó heimildir fyrir byggingarári og hvenær hætt var að nota bygginguna, í báðum tilfellum verður þó að hafa þann fyrirvara að minjarnar geti átt sér lengri sögu eða jafnvel verið byggðar á enn eldri minjum.

Í hnitatöflunni eru dálkar fyrir ástand, hættumat, hættuorsök og ástæður þess að minjar hafa horfið ef það er vitað. Þetta mat á minjunum byggir á eftirfarandi stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008:

Ástand:

1. **Ekki sést til fornleifa.** Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfispáttum.
2. **Illgreinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útlattar.
3. **Greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.
4. **Vel greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróð yfir grjóti í veggjum og gólfi.
5. **Heillegar fornleifar.** Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila vegg og hrúnið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins:

- 1) **undir hrauni:** Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) **vegna bygginga:** Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvöllir, golfvöllir og íþróttvöllir.
- 3) **vegna vegagerðar:** Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) **sléttað yfir:** Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) **vegna ræktunar:** Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) **vegna niðurrifs:** Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) **vegna efnistöku:** Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.
- 8) **vegna fyllingar:** Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) **vegna rasks:** Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) **vegna landbrots:** Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.

- 11) **vegna skriðufalla:** Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) **vegna uppblásturs:** Rústin hefur blásið upp.
- 13) **vegna vatnsrofs:** Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) **vegna áföks**
- 15) **ekki vitað**

Hættumat - Við hættumatið er gengið útfrá eftirfarandi flokkun:

1. **Engin hætta:** Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náninni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.
2. **Hætta:** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.
3. **Mikil hætta:** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Hættuorsök - Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta.

- 1) **vegna jarðræktar:** Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) **vegna trjáræktar:** Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
- 3) **vegna bygginga:** Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtæðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) **vegna efnistöku:** Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) **vegna vegagerðar:** Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) **vegna framkvæmda:** Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) **vegna rasks:** Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) **vegna landbrots:** Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) **vegna rofs:** Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) **vegna skriðufalla:** Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) **vegna jarðsetningar:** Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.

Staðlana má nálgast í heild sinni á heimasíðu Fornleifaverndar Ríkisins á slóðinni:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>